1. Svæði það, sem samningur þessi nær til, hér á eftir nefnt „samningssvæðið", er hafsvæði Norðvestur-Atlantshafs norðan 35°00′ norður breiddar og vestan línu er liggur í norður frá 35°00′ norður breidd og 42°00′ vestur lengd til 59°00′ norður breiddar, þaðan í vestur til 44°00′ vestur lengdar, og þaðan í norður til Grænlandsstrandar, og auk þess hafsvæðin í St. Lawrence-flóa, Davissundi og Baffins-flóa, sunnan 78°10′ norður breiddar.

2. Svæði það, sem nefnt er í samningi þessum „umráðasvæðið", er sá hluti samningssvæðisins sem liggur utan þeirra svæða er strandríki hafa fiskveiðilögsögu.

3. Í samningi þessum skal „strandríki" hér eftir merkja samningsaðila er hefur fiskveiðilögsögu á hafsvæði sem er hluti af samningssvæðinu.

4. Samningur þessi tekur til fiskveiðiauðlinda á samningssvæðinu, einungis með eftirfarandi undantekningum: lax,

national law, extended their jurisdiction over the living resources of their adjacent waters to limits of up to two hundred nautical miles from the baselines from which the breadth of the territorial sea is measured, and exercise within these areas sovereign rights for the purpose of exploring and exploiting, conserving and managing these resources;

TAKING into account the work of the Third United Nations Conference on the Law of the Sea in the field of fisheries;

DESIRING to promote the conservation and optimum utilization of the fishery resources of the Northwest Atlantic area within a framework appropriate to the regime of extended coastal State jurisdiction over fisheries, and accordingly to encourage international cooperation and consultation with respect to these resources;

HAVE AGREED as follows:

ARTICLE I

1. The area to which this Convention applies, hereinafter referred to as "the Convention Area", shall be the waters of the Northwest Atlantic Ocean north of 35°00′ north latitude and west of a line extending due north from 35°00′ north latitude and 42°00′ west longitude to 59°00′ north latitude, thence due west to 44°00′ west longitude, and thence due north to the coast of Greenland, and the waters of the Gulf of St. Lawrence, Davis Strait and Baffin Bay south of 78°00′ north latitude.

2. The area referred to in this Convention as "the Regulatory Area" is that part of the Convention Area which lies beyond the areas in which coastal States exercise fisheries jurisdiction.

3. For the purposes of this Convention, "coastal State" shall hereinafter mean a Contracting Party exercising fisheries jurisdiction in waters forming part of the Convention Area.

4. This Convention applies to all fishery resources of the Convention Area, with the following exceptions: salmon,

túnfiskur, oddnefur, hvalastofnar er lúta stjórn Alþjóðahvalveiðiráðsins eða stofnun sem tekur við af því, og botntegundir landgrunnsins, þ. e. lífverur sem á þeim tíma er þær má nýta eru annaðhvort óhreyfanlegar á hafsbotninum eða undir honum eða geta ekki hreyft sig nema í stöðugri snertingu við hafsbotninn eða botnlögin.

5. Ekkert í samningi þessum skal talið hafa áhrif á eða skerða afstöðu eða kröfur nokkurs samningsaðila er varða innsævi, landhelgi eða mörk eða víðáttu fiskveiðilögsögu nokkurs aðila né hafa áhrif á eða skerða skoðanir eða afstöðu nokkurs samningsaðila varðandi hafrétt.

2. gr.

1. Samningsaðilar samþykkja að setja á stofn og starfrækja alþjóðlega stofnun til að vinna með samráði og samvinnu að bestu nýtingu, skynsamlegri stjórnun og verndun fiskveiðiauðlinda á samningssvæðinu. Stofnun þessi skal bera heitið „Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunin", hér eftir nefnd „stofnunin", og skal hún framkvæma verkefni þau er talin eru í samningi þessum.

2. Stofnunin skal vera skipuð:

(a) allsherjarráði,
(b) vísindaráði,
(c) fiskveiðinefnd og
(d) skrifstofu.

3. Stofnunin skal vera lögaðili og njóta í samskiptum sínum við aðrar alþjóðastofnanir og landssvæði samningsaðila þeirrar réttarstöðu er nauðsynleg kann að vera til að rækja störf sín og ná tilgangi sínum. Friðhelgi og forréttindi sem stofnunin og starfsmenn hennar eiga að njóta á landssvæði samningsaðila skulu komin undir samkomulagi stofnunarinnar og hlutaðeigandi samningsaðila.

4. Aðalstöðvar stofnunarinnar skulu vera í Dartmouth í Nova Scotia í Kanada,

tunas and marlins, cetacean stocks managed by the International Whaling Commission or any successor organization, and sedentary species of the Continental Shelf, i. e., organisms which, at the harvestable stage, either are immobile on or under the seabed or are unable to move except in constant physical contact with the seabed or the subsoil.

5. Nothing in this Convention shall be deemed to affect or prejudice the positions or claims of any Contracting Party in regard to internal waters, the territorial sea, or the limits or extent of the jurisdiction of any Party over fisheries; or to affect or prejudice the views or positions of any Contracting Party with respect to the law of the sea.

ARTICLE II

1. The Contracting Parties agree to establish and maintain an international organization whose object shall be to contribute through consultation and cooperation to the optimum utilization, rational management and conservation of the fishery resources of the Convention Area. This organization shall be known as the Northwest Atlantic Fisheries Organization, hereinafter referred to as "the Organization", and shall carry out the functions set forth in this Convention.

2. The Organization shall consist of:

(a) a General Council;
(b) a Scientific Council;
(c) a Fisheries Commission; and
(d) a Secretariat.

3. The Organization shall have legal personality and shall enjoy in its relations with other international organizations and the territories of the Contracting Parties such legal capacity as may be necessary to perform its functions and achieve its ends. The immunities and privileges which the Organization and its officers shall enjoy in the territory of a Contracting Party shall be subject to agreement between the Organization and the Contracting Party concerned.

4. The headquarters of the Organization shall be at Dartmouth, Nova Scotia,

eða þeim stað öðrum er allsherjarráðið kann að samþykkja.

3. gr.

Hlutverk allsherjarráðsins skal vera:

(a) að hafa yfirumsjón með og samræma skipulagningu, framkvæmdastjórn, fjárhag og önnur innri mál stofnunarinnar, þ. á m. tengslin milli stjórnardeilda hennar.

(b) að samræma samskipti stofnunarinnar við aðra aðila.

(c) að endurskoða og ákveða skipan fiskveiðinefndarinnar samkvæmt 13. gr. og

(d) að hafa á hendi hvert það vald annað sem því er veitt samkvæmt samningi þessum.

4. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal eiga sæti í allsherjarráðinu og tilnefna í ráðið allt að þremur fulltrúum sem mega hafa með sér á fundum þess varamenn, sérfræðinga og ráðunauta.

2. Allsherjarráðið kýs sér formann og varaformann, og skulu þeir hvor um sig gegna því embætti í tvö ár. Heimilt er að endurkjósa þá, en þeir skulu ekki gegna embættinu lengur en fjögur ár í senn. Formaður skal vera fulltrúi samningsaðila sem aðild á að fiskveiðinefndinni og skulu formaður og varaformaður vera fulltrúar einhverra tveggja samningsaðila.

3. Formaður er forseti stofnunarinnar og helsti fulltrúi hennar.

4. Formaður allsherjarráðsins skal kveðja til reglulegs ársfundar stofnunarinnar á þeim stað, er allsherjarráðið ákveður, og skal fundarstaður að jafnaði vera í Norður-Ameríku.

5. Formaður getur jafnan kvatt allsherjarráðið til funda, annarra en ársfunda, á þeim stað og tíma sem hann

Canada, or at such other place as may be decided by the General Council.

ARTICLE III

The functions of the General Council shall be:

(a) to supervise and coordinate the organizational, administrative, financial and other internal affairs of the Organization, including the relations among its constituent bodies;

(b) to coordinate the external relations of the Organization;

(c) to review and determine the membership of the Fisheries Commission pursuant to Article XIII; and

(d) to exercise such other authority as is conferred upon it by this Convention.

ARTICLE IV

1. Each Contracting Party shall be a member of the General Council and shall appoint to the Council not more than three representatives who may be accompanied at any of its meetings by alternates, experts and advisers.

2. The General Council shall elect a Chairman and a Vice-Chairman, each of whom shall serve for a term of two years and shall be eligible for re-election but shall not serve for more than four years in succession. The Chairman shall be a representative of a Contracting Party that is a member of the Fisheries Commission and the Chairman and Vice-Chairman shall be representatives of different Contracting Parties.

3. The Chairman shall be the President of the Organization and shall be its principal representative.

4. The Chairman of the General Council shall convene a regular annual meeting of the Organization at a place decided upon by the General Council and which shall normally be in North America.

5. Any meeting of the General Council, other than the annual meeting, may be called by the Chairman at such time

ákveður, óski samningsaðili eftir því og sé sú ósk studd af öðrum samningsaðila.

6. Allsherjarráðinu er heimilt að stofna nefndir og undirnefndir eftir því sem það telur æskilegt til að framkvæma skyldur sínar og störf.

5. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal fara með eitt atkvæði við afgreiðslu mála í allsherjarráðinu.

2. Sé ekki öðruvísi tekið fram, skulu ákvarðanir allsherjarráðsins hljóta meirihluta atkvæða samningsaðila er viðstaddir eru og atkvæði greiða með eða á móti, að því tilskildu, að engin atkvæðagreiðsla skal fram fara nema a. m. k. tveir þriðju samningsaðila séu viðstaddir.

3. Allsherjarráðið skal samþykkja og breyta eftir þörfum reglum um fundarsköp sín og framkvæmd starfa sinna.

4. Allsherjarráðið skal senda samningsaðilum árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

6. gr.

1. Hlutverk vísindaráðsins skal vera:

(a) að verða vettvangur samráðs og samvinnu meðal samningsaðila hvað snertir athuganir, mat og skipti á vísindalegum upplýsingum og skoðunum er varða fiskveiðar á samningssvæðinu, þ. á m. um umhverfis- og vistfræðiþætti sem áhrif hafa á þessar veiðar, og hvetja til og efla samvinnu meðal samningsaðila á sviði vísindarannsókna er bætt geta þekkingarskort á þessum sviðum.

(b) að safna og halda tölfræðilegar upplýsingar og skýrslur og gefa út eða dreifa greinargerðum, upplýsingum og gögnum er varða fiskveiðar á samningssvæðinu þ. á m. um umhverfis- og vistfræðiþætti sem áhrif hafa á þessar veiðar.

and place as the Chairman may determine, upon the request of a Contracting Party with the concurrence of another Contracting Party.

6. The General Council may establish such Committees and Subcommittees as it considers desirable for the exercise of its duties and functions.

ARTICLE V

1. Each Contracting Party shall have one vote in proceedings of the General Council.

2. Except where otherwise provided, decisions of the General Council shall be taken by a majority of the votes of all Contracting Parties present and casting affirmative or negative votes, provided that no vote shall be taken unless there is a quorum of at least two-thirds of the Contracting Parties.

3. The General Council shall adopt, and amend as occasion may require, rules for the conduct of its meetings and for the exercise of its functions.

4. The General Council shall submit to the Contracting Parties an annual report of the activities of the Organization.

ARTICLE VI

1. The functions of the Scientific Council shall be:

(a) to provide a forum for consultation and cooperation among the Contracting Parties with respect to the study, appraisal and exchange of scientific information and views relating to the fisheries of the Convention Area, including environmental and ecological factors affecting these fisheries, and to encourage and promote cooperation among the Contracting Parties in scientific research designed to fill gaps in knowledge pertaining to these matters;

(b) to compile and maintain statistics and records and to publish or disseminate reports, information and materials pertaining to the fisheries of the Convention Area, including environmental and ecological factors affecting these fisheries;

(c) að láta strandríkjum í té vísindalegar ráðleggingar þegar um þær er beðið samkvæmt 7. gr. og

(d) að láta fiskveiðinefndinni í té vísindalegar ráðleggingar samkvæmt 8. gr. eða að eigin frumkvæði eftir því sem þörf er á vegna hlutverks nefndarinnar.

2. Störf vísindaráðsins má þar sem það á við rækja í samvinnu við aðrar opinberar stofnanir eða einkastofnanir er hafa skyld markmið.

3. Samningsaðilar skulu láta vísindaráðinu í té allar þær tölfræðilegu og vísindalegu upplýsingar er fyrir hendi eru og ráðið óskar eftir til að ná tilgangi greinar þessarar.

7. gr.

1. Vísindaráðið skal að beiðni strandríkis athuga og gefa skýrslu um hvert það atriði er varðar vísindalegan grundvöll stjórnunar og verndunar fiskveiðiauðlinda á hafsvæði, sem lýtur fiskveiðilögsögu þess strandríkis innan samningssvæðisins.

2. Strandríkið skal í samráði við vísindaráðið afmarka hvert það verkefni sem vísað er til ráðsins til athugunar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Auk annarra atriða sem málið kunna að snerta, skal verklýsing þessi hafa að geyma það sem hér segir eftir því sem við á hverju sinni:

(a) greinargerð um málið, þ. á m. lýsingu á því hvaða fiskveiðar og svæði athuga skal.

(b) sé beðið um vísindalegar álitsgerðir eða spár, lýsingu á hverjum þeim þætti eða tilgátum er málinu er viðkomandi og taka ber tillit til. og

(c) þar sem það á við, lýsingu á þeim markmiðum er strandríki keppir að og ábendingu um, hvort óskað sé sérstakrar ráðleggingar eða margra valkosta.

8. gr.

Vísindaráðið skal athuga og gefa skýrslu um hvert það málefni sem fyrir

(c) to provide scientific advice to coastal States, where requested to do so pursuant to Article VII; and

(d) to provide scientific advice to the Fisheries Commission, pursuant to Article VIII or on its own initiative as required for the purposes of the Commission.

2. The functions of the Scientific Council may, where appropriate, be carried out in cooperation with other public or private organizations having related objectives.

3. The Contracting Parties shall furnish to the Scientific Council any available statistical and scientific information requested by the Council for the purpose of this Article.

ARTICLE VII

1. The Scientific Council shall, at the request of a coastal State, consider and report on any question pertaining to the scientific basis for the management and conservation of fishery resources in waters under the fisheries jurisdiction of that coastal State within the Convention Area.

2. The coastal State shall, in consultation with the Scientific Council, specify terms of reference for the consideration of any question referred to the Council pursuant to paragraph 1. These terms of reference shall include, along with any other matters deemed appropriate, such of the following as are applicable:

(a) a statement of the question referred, including a description of the fisheries and area to be considered;

(b) where scientific estimates or predictions are sought, a description of any relevant factors or assumptions to be taken into account; and

(c) where applicable, a description of any objectives the coastal State is seeking to attain and an indication of whether specific advice or a range of options should be provided.

ARTICLE VIII

The Scientific Council shall consider and report on any question referred to

það er lagt af fiskveiðinefndinni, og varðar vísindalegan grundvöll stjórnunar og verndunar fiskveiðiauðlinda innan umráðasvæðisins. Taka skal mið af skilmálum þeim er fiskveiðinefndin tilgreinir varðandi það málefni.

9. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal eiga sæti í vísindaráðinu og tilnefna í það fulltrúa sína sem mega hafa með sér á fundum þess varamenn, sérfræðinga og ráðunauta.

2. Vísindaráðið kýs sér formann og varaformann og skulu þeir hvor um sig gegna því embætti í tvö ár. Heimilt er að endurkjósa þá, en ekki mega þeir gegna embættinu lengur en fjögur ár í senn. Formaður og varaformaður skulu vera fulltrúar einhverra tveggja samningsaðila.

3. Formaður getur jafnan kvatt vísindaráðið til funda, annarra en ársfunda sem boðaðir eru samkvæmt 4. gr., á þeim stað og tíma sem hann ákveður, óski strandríki eftir því, eða annar samningsaðili, enda sé sú ósk þá studd af öðrum samningsaðila.

4. Vísindaráðinu er heimilt að stofna nefndir og undirnefndir eftir því sem það telur æskilegt til að framkvæma skyldur sínar og störf.

10. gr.

1. Vísindalegar ráðleggingar gefnar samkvæmt samningi þessum af vísindaráðinu skulu vera samþykktar með samkomulagi allra. Ef samkomulag næst ekki skal ráðið í skýrslu sinni geta allra þeirra sjónarmiða er sett voru fram um málið.

2. Ákvarðanir vísindaráðsins um kosningu embættismanna, um samþykkt og breytingar á reglum og um önnur mál er lúta að skipulagi á starfsemi ráðsins skulu teknar með meirihluta atkvæða þeirra samningsaðila sem viðstaddir eru

it by the Fisheries Commission pertaining to the scientific basis for the management and conservation of fishery resources within the Regulatory Area and shall take into account the terms of reference specified by the Fisheries Commission in respect of that question.

ARTICLE IX

1. Each Contracting Party shall be a member of the Scientific Council and shall appoint to the Council its own representatives who may be accompanied at any of its meetings by alternates, experts and advisers.

2. The Scientific Council shall elect a Chairman and a Vice-Chairman, each of whom shall serve for a term of two years and shall be eligible for re-election but shall not serve for more than four years in succession. The Chairman and Vice-Chairman shall be representatives of different Contracting Parties.

3. Any meeting of the Scientific Council, other than the annual meeting convened pursuant to Article IV, may be called by the Chairman at such time and place as the Chairman may determine, upon the request of a coastal State or upon the request of a Contracting Party with the concurrence of another Contracting Party.

4. The Scientific Council may establish such Committees and Sub-committees as it considers desirable for the exercise of its duties and functions.

ARTICLE X

1. Scientific advice to be provided by the Scientific Council pursuant to this Convention shall be determined by consensus. Where consensus cannot be achieved, the Council shall set out in its report all views advanced on the matter under consideration.

2. Decisions of the Scientific Council with respect to the election of officers, the adoption and the amendment of rules and other matters pertaining to the organization of its work shall be taken by a majority of votes of all Contracting

og atkvæði greiða með eða á móti. Fer þá hver samningsaðili með eitt atkvæði. Engin atkvæðagreiðsla skal fara fram nema a. m. k. tveir þriðju samningsaðila séu á fundi.

3. Vísindaráðið skal samþykkja og breyta eftir þörfum reglum um fundarsköp sín og framkvæmd starfa sinna.

11. gr.

1. Fiskveiðinefndin, hér eftir kölluð „nefndin", skal vera ábyrg fyrir stjórnun og verndun fiskveiðiauðlinda á umráðasvæðinu í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

2. Nefndin getur samþykkt tillögur um sameiginlegar aðgerðir samningsaðila sem ætlað er að ná fram bestu nýtingu fiskveiðiauðlinda á umráðasvæðinu. Við athugun á slíkum tillögum skal nefndin taka tillit til allra viðeigandi upplýsinga og ráðlegginga er vísindaráðið hefur látið henni í té.

3. Við framkvæmd starfa sinna samkvæmt 2. mgr. skal nefndin leitast við að tryggja samræmi milli:

(a) tillagna er varða fiskstofn eða fjölda fiskstofna sem fyrirfinnast bæði á umráðasvæðinu og á svæði er lýtur fiskveiðilögsögu strandríkis, eða tillagna sem hafa myndu áhrif vegna tengsla tegunda á fiskstofn eða fjölda fiskstofna sem fyrirfinnast að öllu leyti eða að hluta á svæði er lýtur fiskveiðilögsögu strandríkis, og

(b) ráðstafana eða ákvarðana sem teknar eru af strandríki til stjórnunar eða verndunar þess fiskstofns eða fjölda fiskstofna með tilliti til fiskveiðiaðgerða sem fram fara innan svæðis er lýtur fiskveiðilögsögu þess.

Strandríki það er í hlut á og nefndin skulu samkvæmt þessu beita sér fyrir samræmingu slíkra tillagna, ráðstafana og ákvarðana. Til að grein þessi nái tilgangi sínum, skal hvert strandríki jafnan

Parties present and casting affirmative or negative votes, and for these purposes each Contracting Party shall have one vote. No vote shall be taken unless there is a quorum of at least two-thirds of the Contracting Parties.

3. The Scientific Council shall adopt, and amend as occasion may require, rules for the conduct of its meetings and for the exercise of its functions.

ARTICLE XI

1. The Fisheries Commission, hereinafter referred to as "the Commission", shall be responsible for the management and conservation of the fishery resources of the Regulatory Area in accordance with the provisions of this Article.

2. The Commission may adopt proposals for joint action by the Contracting Parties designed to achieve the optimum utilization of the fishery resources of the Regulatory Area. In considering such proposals, the Commission shall take into account any relevant information or advice provided to it by the Scientific Council.

3. In the exercise of its functions under paragraph 2, the Commission shall seek to ensure consistency between:

(a) any proposal that applies to a stock or group of stocks occurring both within the Regulatory Area and within an area under the fisheries jurisdiction of a coastal State, or any proposal that would have an effect through species interrelationships on a stock or group of stocks occurring in whole or in part within an area under the fisheries jurisdiction of a coastal State; and

(b) any measures or decisions taken by the coastal State for the management and conservation of that stock or group of stocks with respect to fishing activities conducted within the area under its fisheries jurisdiction.

The appropriate coastal State and the Commission shall accordingly promote the coordination of such proposals, measures and decisions. Each coastal State shall keep the Commission in-

láta nefndinni í té upplýsingar um ráðstafanir og ákvarðanir sínar.

4. Tillögur sem nefndin samþykkir um úthlutun aflakvóta á umráðasvæðinu skulu taka tillit til hagsmuna aðila að nefndinni sem hafa með hefðbundnum hætti veitt á svæðinu. Við úthlutun aflakvóta á Grand Banks og Flemish Cap skulu nefndaraðilar taka sérstakt tillit til þess samningsaðila þar sem strandbyggðir eiga að mestum hluta lífsviðurværi sitt undir veiðum á þeim stofnum sem tengdir eru þessum fiskimiðum og sem gert hefur víðtækar ráðstafanir til að tryggja verndun þessara fiskstofna með alþjóðlegum aðgerðum, sérstaklega með því að hafa umsjón og eftirlit með alþjóðlegum veiðum á þessum miðum samkvæmt alþjóðlegu fyrirkomulagi um sameiginlegt eftirlit.

5. Nefndin getur einnig samþykkt tillögur um alþjóðlegar ráðstafanir varðandi stjórnun og eftirlit innan umráðasvæðisins í þeim tilgangi að tryggja á því svæði framkvæmd samnings þessa og þeirra ráðstafana sem í gildi eru samkvæmt honum.

6. Allar tillögur er nefndin samþykkir skal framkvæmdastjóri senda öllum samningsaðilum. Skal vegna 1. mgr. 12. gr. tilgreina sendingardag þeirra.

7. Hver tillaga sem nefndin samþykkir samkvæmt þessari grein verður bindandi ráðstöfun fyrir alla samningsaðila og gengur í gildi á þeim degi er nefndin ákveður, sbr. þó ákvæði 12. gr.

8. Nefndin getur skotið til vísindaráðsins hverju því málefni er varðar vísindalegan grundvöll stjórnunar og verndunar fiskveiðiauðlinda innan umráðasvæðisins. Tilgreina skal skilmála varðandi athugun á því málefni.

9. Nefndin getur vakið athygli einstakra eða allra aðila sem sæti eiga í nefndinni á hverju því máli er varðar markmið og tilgang þessa samnings á umráðasvæðinu.

formed of its measures and decisions for the purpose of this Article.

4. Proposals adopted by the Commission for the allocation of catches in the Regulatory Area shall take into account the interests of Commission members whose vessels have traditionally fished within that Area, and, in the allocation of catches from the Grand Banks and Flemish Cap, Commission members shall give special consideration to the Contracting Party whose coastal communities are primarily dependent on fishing for stocks related to these fishing banks and which has undertaken extensive efforts to ensure the conservation of such stocks through international action, in particular, by providing surveillance and inspection of international fisheries on these banks under an international scheme of joint enforcement.

5. The Commission may also adopt proposals for international measures of control and enforcement within the Regulatory Area for the purpose of ensuring within that Area the application of this Convention and the measures in force thereunder.

6. Each proposal adopted by the Commission shall be transmitted by the Executive Secretary to all Contracting Parties, specifying the date of transmittal for the purposes of paragraph 1 of Article XII.

7. Subject to the provisions of Article XII, each proposal adopted by the Commission under this Article shall become a measure binding on all Contracting Parties to enter into force on a date determined by the Commission.

8. The Commission may refer to the Scientific Council any question pertaining to the scientific basis for the management and conservation of fishery resources within the Regulatory Area and shall specify terms of reference for the consideration of that question.

9. The Commission may invite the attention of any or all Commission members to any matters which relate to the objectives and purposes of this Convention within the Regulatory Area.

12. gr.

1. Komi einhver nefndaraðili mótmælum við tillögu á framfæri við framkvæmdastjórann innan sextíu daga frá sendingardegi þeim, sem greindur er í tilkynningu framkvæmdastjórans um tillöguna, skal tillagan ekki verða bindandi ráðstöfun fyrr en liðnir eru fjörutíu dagar frá þeim sendingardegi sem greindur er í tilkynningu til samningsaðila um mótmælin. Þá getur hver annar nefndaraðili á sama hátt mótmælt innan hins fjörutíu daga viðbótarfrests eða innan þrjátíu daga frá sendingardegi sem greindur er í tilkynningu til samningsaðila um hver þau mótmæli sem fram koma innan hins fjörutíu daga viðbótarfrests, hvor dagurinn sem síðar verður. Tillagan verður þá bindandi ráðstöfun gagnvart öllum samningsaðilum öðrum en þeim, sem komið hafa mótmælum á framfæri við lok hins lengda tímabils eða tímabila til mótmæla. Þó skal tillagan ekki verða bindandi ráðstöfun, ef mótmæli hafa verið borin fram innan slíks viðbótartímabils eða tímabila af meirihluta nefndaraðila og ekki afturkölluð, nema einhverjir eða allir nefndaraðilar engu að síður samþykki sín á milli að vera bundnir af tillögunni frá þeim degi sem þeir hafa komið sér saman um.

2. Hver sá nefndaraðili sem borið hefur fram mótmæli við tillögu getur hvenær sem er afturkallað mótmæli sín og skal tillagan þá þegar verða bindandi ráðstöfun fyrir hann, sbr. þó ákvæði um mótmæli sem fram koma í þessari grein.

3. Sérhver nefndaraðili getur hvenær sem er að ári liðnu frá því að ráðstöfun tekur gildi afhent framkvæmdastjóra tilkynningu um þá ætlun sína að vera ekki lengur bundinn af henni. Sé sú tilkynning ekki afturkölluð, verður hún ekki lengur bindandi fyrir þann aðila að ári liðnu frá þeim degi er framkvæmdastjóra berst tilkynningin. Hvenær sem er eftir að ráðstöfun missir gildi gagnvart nefndaraðila samkvæmt þessari málsgrein skal hún eigi vera bindandi fyrir

ARTICLE XII

1. If any Commission member presents to the Executive Secretary an objection to a proposal within sixty days of the date of transmittal specified in the notification of the proposal by the Executive Secretary, the proposal shall not become a binding measure until the expiration of forty days following the date of transmittal specified in the notification of that objection to the Contracting Parties. Thereupon any other Commission member may similarly object prior to the expiration of the additional forty-day period, or within thirty days after the date of transmittal specified in the notification to the Contracting Parties of any objection presented within that additional forty-day period, whichever shall be the later. The proposal shall then become a measure binding on all Contracting Parties, except those which have presented objections, at the end of the extended period or periods for objecting. If, however, at the end of such extended period or periods, objections have been presented and maintained by a majority of Commission members, the proposal shall not become a binding measure, unless any or all of the Commission members nevertheless agree as among themselves to be bound by it on an agreed date.

2. Any Commission member which has objected to a proposal may at any time withdraw that objection and the proposal immediately shall become a measure binding on such a member, subject to the objection procedure provided for in this Article.

3. At any time after the expiration of one year from the date on which a measure enters into force, any Commission member may give to the Executive Secretary notice of its intention not to be bound by the measure, and, if that notice is not withdrawn, the measure shall cease to be binding on that member at the end of one year from the date of receipt of the notice by the Executive Secretary. At any time after a measure has ceased to be binding on a Commission

nokkurn annan nefndaraðila frá þeim degi er hann tilkynnir framkvæmdastjóra að hann ætli ekki lengur að vera bundinn af henni.

4. Framkvæmdastjórinn skal þegar í stað tilkynna öllum samningsaðilum um:

(a) móttöku mótmælatilkynningar og afturköllunar samkvæmt 1. og 2. mgr.,

(b) þann dag er tillagan verður bindandi ráðstöfun samkvæmt ákvæðum 1. mgr., og

(c) móttöku hverrar tilkynningar samkvæmt 3. mgr.

13. gr.

1. Skipan nefndarinnar skal endurskoðuð og ákveðin af allsherjarráðinu á ársfundi þess. Í nefndinni skulu eiga sæti:

(a) allir samningsaðilar sem þátt taka í veiðum á umráðasvæðinu, og

(b) þeir samningsaðilar sem sýnt hafa fram á það á fullnægjandi hátt að dómi allsherjarráðsins, að þeir búist við að stunda veiðar á umráðasvæðinu á því ári sem ársfundurinn er haldinn, eða á næsta almanaksári.

2. Sérhver nefndaraðili skal tilnefna í nefndina allt að þremur fulltrúum sem mega hafa með sér á fundum hennar varamenn, sérfræðinga og ráðunauta.

3. Sérhver samningsaðili sem ekki er aðili að nefndinni á rétt á að sitja fundi hennar sem áheyrnarfulltrúi.

4. Nefndin kýs sér formann og varaformann og skulu þeir hvor um sig gegna því embætti í tvö ár. Heimilt er að endurkjósa þá, en ekki skulu þeir gegna embættinu lengur en fjögur ár í senn. Formaður og varaformaður skulu vera fulltrúar einhverra tveggja samningsaðila.

5. Formaður getur jafnan kvatt nefndina til funda, annarra en ársfunda, sem boðaðir eru samkvæmt 4. gr., á þeim stað

member under this paragraph, the measure shall cease to be binding on any other Commission member upon the date a notice of its intention not to be bound is received by the Executive Secretary.

4. The Executive Secretary shall immediately notify each Contracting Party of:

(a) the receipt of each objection and withdrawal of objection under paragraphs 1 and 2;

(b) the date on which any proposal becomes a binding measure under the provisions of paragraph 1; and

(c) the receipt of each notice under paragraph 3.

ARTICLE XIII

1. The membership of the Commission shall be reviewed and determined by the General Council at its annual meeting and shall consist of:

(a) each Contracting Party which participates in the fisheries of the Regulatory Area; and

(b) any Contracting Party which has provided evidence satisfactory to the General Council that it expects to participate in the fisheries of the Regulatory Area during the year of that annual meeting or during the following calendar year.

2. Each Commission member shall appoint to the Commission not more than three representatives who may be accompanied at any of its meetings by alternates, experts and advisers.

3. Any Contracting Party that is not a Commission member may attend meetings of the Commission as an observer.

4. The Commission shall elect a Chairman and Vice-Chairman, each of whom shall serve for a term of two years and shall be eligible for re-election but shall not serve for more than four years in succession. The Chairman and Vice-Chairman shall be representatives of different Commission members.

5. Any meeting of the Commission, other than the annual meeting convened pursuant to Article IV, may be called by

og tíma sem hann ákveður, óski einhver aðili að nefndinni eftir því.

6. Nefndinni er heimilt að stofna nefndir og undirnefndir eftir því sem hún telur æskilegt til að framkvæma skyldur sínar og störf.

14. gr.

1. Sérhver nefndaraðili skal fara með eitt atkvæði við afgreiðslu mála í nefndinni.

2. Ákvarðanir nefndarinnar skulu hljóta meirihluta atkvæða allra nefndaraðila er sækja fund og atkvæði greiða með eða á móti, að því tilskildu að engin atkvæðagreiðsla skal fram fara nema a. m. k. tveir þriðju nefndaraðila séu viðstaddir.

3. Nefndin skal samþykkja og breyta eftir þörfum reglum um fundarsköp sín og framkvæmd starfa sinna.

15. gr.

1. Skrifstofan skal láta stofnuninni í té þjónustu við framkvæmd starfa sinna og skyldna.

2. Framkvæmdastjóri skal vera aðalstjórnandi skrifstofunnar. Skal hann skipaður af allsherjarráðinu í samræmi við þau ákvæði og skilyrði sem það ákveður.

3. Framkvæmdastjóri skipar starfslið skrifstofunnar í samræmi við þau ákvæði og reglur sem allsherjarráðið ákveður.

4. Framkvæmdastjóri, undir almennu eftirliti allsherjarráðsins, hefur fullt vald og yfirstjórn yfir starfsliði skrifstofunnar. Skal hann rækja þau önnur störf, sem allsherjarráðið ákveður.

16. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal greiða kostnað vegna eigin sendinefnda á fundum sem haldnir eru samkvæmt samningi þessum.

the Chairman at such time and place as the Chairman may determine, upon the request of any Commission member.

6. The Commission may establish such Committees and Subcommittees as it considers desirable for the exercise of its duties and functions.

ARTICLE XIV

1. Each Commission member shall have one vote in proceedings of the Commission.

2. Decisions of the Commission shall be taken by a majority of the votes of all Commission members present and casting affirmative or negative votes, provided that no vote shall be taken unless there is a quorum of at least two-thirds of the Commission members.

3. The Commission shall adopt, and amend as occasion may require, rules for the conduct of its meetings and for the exercise of its functions.

ARTICLE XV

1. The Secretariat shall provide services to the Organization in the exercise of its duties and functions.

2. The chief administrative officer of the Secretariat shall be the Executive Secretary, who shall be appointed by the General Council according to such procedures and on such terms as it may determine.

3. The staff of the Secretariat shall be appointed by the Executive Secretary in accordance with such rules and procedures as may be determined by the General Council.

4. The Executive Secretary shall, subject to the general supervision of the General Council, have full power and authority over staff of the Secretariat and shall perform such other functions as the General Council shall prescribe.

ARTICLE XVI

1. Each Contracting Party shall pay the expenses of its own delegation to all meetings held pursuant to this Convention.

2. Allsherjarráðið skal samþykkja á ári hverju fjárhagsáætlun stofnunarinnar.

3. Allsherjarráðið ákveður framlög sem hverjum samningsaðila ber að greiða samkvæmt hinni árlegu fjárhagsáætlun á eftirfarandi grundvelli:

(a) 10% af heildarupphæð fjárhagsáætlunar skiptist milli strandríkja í hlutfalli við afla þeirra á samningssvæðinu upp úr sjó á því ári er lýkur tveimur árum fyrir upphaf fjárhagsárs.

(b) 30% af heildarupphæð fjárhagsáætlunar skiptist jafnt á milli allra samningsaðila.

(c) 60% af heildarupphæð fjárhagsáætlunar skiptist á milli allra samningsaðila í hlutfalli við afla þeirra á samningssvæðinu upp úr sjó á því ári er lýkur tveimur árum fyrir upphaf fjárhagsárs.

Afli upp úr sjó sem um getur að framanverðu er afli sá er tilkynntur hefur verið á tegundum sem taldar eru í viðauka I. Viðaukinn óaðskiljanlegur hluti samnings þessa.

4. Framkvæmdastjóri skal tilkynna hverjum samningsaðila upphæð framlags er honum ber að greiða samkvæmt 3. mgr. Skal hver samningsaðili síðan inna greiðslu framlags af hendi til stofnunarinnar svo skjótt sem unnt er.

5. Framlögin skulu greiðast í mynt þess ríkis, þar sem aðalstöðvar stofnunarinnar eru staðsettar, nema öðruvísi sé heimilað af allsherjarráðinu.

6. Allsherjarráðið skal á fyrsta fundi sínum samþykkja fjárhagsáætlun fyrir það sem eftir er af fyrsta árinu sem stofnunin starfar, sbr. þó 11. mgr. Skal framkvæmdastjóri senda öllum samningsaðilum afrit af þeirri fjárhagsáætlun, ásamt tilkynningu um framlög þeirra hvers um sig.

7. Á síðari fjárhagsárum skal framkvæmdastjóri senda hverjum samningsaðila uppkast að fjárhagsáætlun, ásamt áætlun um framlög, ekki síðar en sextíu

2. The General Council shall adopt an annual budget for the Organization.

3. The General Council shall establish the contributions due from each Contracting Party under the annual budget on the following basis:

(a) 10% of the budget shall be divided among the coastal States in proportion to their nominal catches in the Convention Area in the year ending two years before the beginning of the budget year;

(b) 30% of the budget shall be divided equally among all the Contracting Parties; and

(c) 60% of the budget shall be divided among all Contracting Parties in proportion to their nominal catches in the Convention Area in the year ending two years before the beginning of the budget year.

The nominal catches referred to above shall be the reported catches of the species listed in Annex I, which forms an integral part of this Convention.

4. The Executive Secretary shall notify each Contracting Party of the contribution due from that Party as calculated under paragraph 3, and as soon as possible thereafter each Contracting Party shall pay to the Organization its contribution.

5. Contributions shall be payable in the currency of the country in which the headquarters of the Organization is located, except if otherwise authorized by the General Council.

6. Subject to paragraph 11, the General Council shall, at its first meeting, approve a budget for the balance of the first financial year in which the Organization functions and the Executive Secretary shall transmit to the Contracting Parties copies of that budget together with notices of their respective contributions.

7. For subsequent financial years, drafts of the annual budget shall be submitted by the Executive Secretary to each Contracting Party together with a

dögum fyrir ársfund stofnunarinnar, þar sem fjallað skal um fjárhagsáætlanirnar.

8. Samningsaðili sem gerst hefur aðili að samningi þessum fyrir lok fjárhagsárs skal fyrir það ár greiða hluta framlags sem reiknað er með hliðsjón af ákvæðum þessarar greinar í hlutfalli við fjölda heilla mánaða ársins sem óliðnir eru.

9. Hafi samningsaðili ekki staðið skil á framlögum sínum tvö ár í röð, skal hann ekki eiga rétt á að greiða atkvæði og koma á framfæri mótmælum samkvæmt samningi þessum, fyrr en hann hefur fullnægt skyldum sínum, nema allsherjarráðið ákveði öðruvísi.

10. Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir árlega af endurskoðendum utan stofnunarinnar, og skulu þeir valdir af allsherjarráðinu.

11. Taki samningurinn gildi 1. janúar 1979 skulu ákvæði viðauka II, sem er óaðskiljanlegur hluti samnings þessa, gilda í stað ákvæða 6. mgr.

17. gr.

Samningsaðilar samþykkja að gera þær ráðstafanir, þ. á m. setja hæfileg viðurlög við brotum, sem kunna að vera nauðsynlegar til að láta ákvæði samnings þessa ná fram að ganga, og að framfylgja hverjum þeim ráðstöfunum sem bindandi verða samkvæmt 7. mgr. 11. gr. og hverjum þeim ráðstöfunum sem í gildi eru samkvæmt 23. gr. Sérhver samningsaðili skal senda fiskveiðinefndinni árlega skýrslu um ráðstafanir sem hún gerir í þessu augnamiði.

18. gr.

Samningsaðilar eru samþykkir því að hafa í gildi og framkvæma innan umráðasvæðisins áætlun um sameiginlegt alþjóðlegt eftirlit eins og við á samkvæmt 23. gr. eða eins og breytt er með ráðstöfunum sem getið er í 5. mgr. 11. gr. Áætlun þessi skal m. a. gera ráð fyrir gagnkvæmum rétti samningsaðila til að

schedule of contributions, not less than sixty days before the annual meeting of the Organization at which the budgets are to be considered.

8. A Contracting Party acceding to this Convention during the course of a financial year shall contribute in respect of that year a part of the contribution calculated in accordance with the provisions of this Article that is proportional to the number of complete months remaining in the year.

9. A Contracting Party which has not paid its contributions for two consecutive years shall not enjoy any right of casting votes and presenting objections under this Convention until it has fulfilled its obligations, unless the General Council decides otherwise.

10. The financial affairs of the Organization shall be audited annually by external auditors to be selected by the General Council.

11. If the Convention enters into force on 1 January 1979, the provisions of Annex II, which forms an integral part of this Convention, shall apply in place of the provisions of paragraph 6.

ARTICLE XVII

The Contracting Parties agree to take such action, including the imposition of adequate sanctions for violations, as may be necessary to make effective the provisions of the Convention and to implement any measures which become binding under paragraph 7 of Article XI and any measures which are in force under Article XXIII. Each Contracting Party shall transmit to the Commission an annual statement of the actions taken by it for these purposes.

ARTICLE XVIII

The Contracting Parties agree to maintain in force and to implement within the Regulatory Area a scheme of joint international enforcement as applicable pursuant to Article XXIII or as modified by measures referred to in paragraph 5 of Article XI. This scheme shall include provision for reciprocal rights of

fara um borð í skip og skoða þau og fyrir ákæru af hálfu fánaríkisins og viðurlögum sem byggjast á sönnunargögnum, sem fengist hafa við að farið var um borð í skip og það skoðað. Greinargerð um ákærur og sett viðurlög skal koma fram í hinni árlegu skýrslu sem vitnað er til í 17. gr.

boarding and inspection by the Contracting Parties and for flag State prosecution and sanctions on the basis of evidence resulting from such boardings and inspections. A report of such prosecutions and sanctions imposed shall be included in the annual statement referred to in Article XVII.

19. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að vekja athygli hvers þess ríkis, sem ekki er aðili að samningi þessum, á hverju því máli, er varðar fiskveiðar ríkisborgara eða skipa þess ríkis á umráðasvæðinu, og virðist hafa neikvæð áhrif á að unnt verði að ná markmiði samnings þessa. Samningsaðilar eru einnig sammála um að ræðast við, þegar við á, um hvernig bregðast skuli við að koma í veg fyrir slík neikvæð áhrif.

ARTICLE XIX

The Contracting Parties agree to invite the attention of any State not a Party to this Convention to any matter relating to the fishing activities in the Regulatory Area of the nationals or vessels of that State which appear to affect adversely the attainment of the objectives of this Convention. The Contracting Parties further agree to confer when appropriate upon the steps to be taken towards obviating such adverse effects.

20. gr.

1. Samningssvæðinu skal skipt í vísindaleg og tölfræðileg undirsvæði, deilisvæði og undirdeilisvæði. Skulu mörk þeirra skilgreind í viðauka III við samning þennan.

2. Að beiðni vísindaráðsins, getur allsherjarráðið með tveimur þriðju meirihluta atkvæða allra samningsaðila, ef nauðsynlegt er talið af vísindalegum eða tölfræðilegum ástæðum, breytt mörkum vísindalegra og tölfræðilegra undirsvæða, deilisvæða og undirdeilisvæða, sem ákveðin eru í viðauka III, enda samþykki sérhvert strandríki, er fer með fiskveiðilögsögu á einhverjum hluta svæðis sem slíkt hefur áhrif á, slíka breytingu.

3. Að beiðni fiskveiðinefndarinnar og að höfðu samráði við vísindaráðið, getur allsherjarráðið með tveimur þriðju meirihluta atkvæða allra samningsaðila, ef nauðsynlegt er talið af stjórnunarlegum ástæðum, skipt umráðasvæðinu í viðeigandi stjórnunardeilisvæði og undirdeilisvæði. Heimilt er að breyta þeim síðan með sama hætti. Mörk allra slíkra

ARTICLE XX

1. The Convention Area shall be divided into scientific and statistical subareas, divisions and subdivisions, the boundaries of which shall be those defined in Annex III to this Convention.

2. On the request of the Scientific Council, the General Council may by a two-thirds majority vote of all Contracting Parties, if deemed necessary for scientific or statistical purposes, modify the boundaries of the scientific and statistical sub-areas, divisions and subdivisions set out in Annex III, provided that each coastal State exercising fisheries jurisdiction in any part of the area affected concurs in such action.

3. On the request of the Fisheries Commission and after having consulted the Scientific Council, the General Council may by a two-thirds majority vote of all Contracting Parties, if deemed necessary for management purposes, divide the Regulatory Area into appropriate regulatory divisions and subdivisions. These may subsequently be

deilisvæða og undirdeilisvæða skulu skilgreind í viðauka III.

4. Viðauki III við samning þennan er óaðskiljanlegur hluti hans, eins og viðaukinn er nú eða með þeim breytingum er síðar kunna að vera gerðar samkvæmt grein þessari.

21. gr.

1. Sérhver samningsaðili getur komið fram með tillögu um breytingu á samningi þessum til athugunar og afgreiðslu allsherjarráðsins á ársfundi eða á sérstökum fundi. Sérhver slík breyting skal send til framkvæmdastjórans a. m. k. níutíu dögum fyrir fund þann sem lagt er til að tillagan verði afgreidd á. Skal framkvæmdastjórinn tafarlaust senda tillöguna til allra samningsaðila.

2. Til að tillaga um breytingu á samningnum hljóti samþykki allsherjarráðsins þarf þrjá fjórðu meirihluta atkvæða allra samningsaðila. Texta samþykktrar breytingartillögu skal vörsluríkið senda til allra samningsaðila.

3. Breyting skal taka gildi fyrir alla samningsaðila eitthundrað og tuttugu dögum eftir sendingardag þann er tilgreindur er í tilkynningu vörsluríkis um móttöku skriflegs samþykkis þriggja fjórðu hluta allra samningsaðila, nema einhver samningsaðilanna tilkynni vörsluríkinu, að það mótmæli breytingunni, innan níutíu daga frá sendingardegi þeim, sem tilgreindur er í tilkynningu vörsluríkisins um slíka móttöku, og skal þá breyting ekki taka gildi fyrir nokkurn samningsaðila. Sérhver samningsaðili sem mótmælt hefur breytingu getur hvenær sem er afturkallað mótmælin. Séu öll mótmæli við breytingu afturkölluð, skal breyting taka gildi gagnvart öllum samningsaðilum eitthundrað og tuttugu dögum eftir sendingardag, sem tilgreindur er í tilkynningu

modified in accordance with the same procedure. The boundaries of any such divisions and subdivisions shall be defined in Annex III.

4. Annex III to this Convention, either in its present terms or as modified from time to time pursuant to this Article, forms an integral part of this Convention.

ARTICLE XXI

1. Any Contracting Party may propose amendments to this Convention to be considered and acted upon by the General Council at an annual or a special meeting. Any such proposed amendment shall be sent to the Executive Secretary at least ninety days prior to the meeting at which it is proposed to be acted upon, and the Executive Secretary shall immediately transmit the proposal to all Contracting Parties.

2. The adoption of a proposed amendment to the Convention by the General Council shall require a three-fourths majority of the votes of all Contracting Parties. The text of any proposed amendments so adopted shall be transmitted by the Depositary to all Contracting Parties.

3. An amendment shall take effect for all Contracting Parties one hundred and twenty days following the date of transmittal specified in the notification by the Depositary of receipt of written notification of approval by three-fourths of all Contracting Parties unless any other Contracting Party notifies the Depositary that it objects to the amendment within ninety days of the date of transmittal specified in the notification by the Depositary of such receipt, in which case the amendment shall not take effect for any Contracting Party. Any Contracting Party which has objected to an amendment may at any time withdraw that objection. If all objections to an amendment are withdrawn, the amendment shall take effect for all Contracting Parties one hundred and twenty days

vörsluríkis um afturköllun síðustu mótmæla.

4. Hver sem gerst hefur aðili að samningi þessum eftir að breyting hefur verið samþykkt í samræmi við 2. mgr., skal álitinn hafa samþykkt breytinguna.

5. Vörsluríkið skal tafarlaust tilkynna öllum samningsaðilum móttöku tilkynninga, samþykki á breytingu, móttöku tilkynninga um mótmæli eða afturköllun mótmæla, og gildistöku breytinga.

22. gr.

Háskólaráð fer með undirbúning þeirra mála, sem leggja á fyrir Alþingi og stjórnvöld. Það lætur þessum aðilum í té allar upplýsingar, sem þeir þurfa á að halda og varða háskólann sérstaklega.

Áður en lögum og reglugerðum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega tiltekna deild, og skal háskólaráð þá leita álits deildarinnar, áður en það lætur uppi umsögn sína.

11. gr.

Rektor eða háskólaráð geta boðað til almenns kennarafundar til umræðna um einstök málefni háskólans eða stofnana hans. Nú æskir einn þriðji hluti prófessora, dósenta og lektora fundar, og er rektor þá skylt að boða til hans. Allir kennarar háskólans eiga rétt á að sækja almenna kennarafundi og njóta atkvæðisréttar þar.

Boða skal til fundar bréflega með tveggja daga fyrirvara hið skemmsta, ef auðið er.

Ályktanir kennarafunda eru ekki bindandi fyrir háskólaráð.

D. Um starfslið við stjórnsýslu háskólans.

12. gr.

Forseti Íslands skipar háskólaritara og kennslustjóra að fengnum tillögum háskólaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðstoðarháskólaritara, byggingastjóra, deildarfulltrúa og annað starfslið, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum og að fengnum tillögum háskólaráðs. Leita skal álits háskóladeildar um ráðningu starfsliðs við stjórnun hennar.

13. gr.

Háskólaritari hefur í umboði rektors og háskólaráðs heimild til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum og hefur eftirlit með sjóðum hans. Hann hefur yfirumsjón með bókhaldi, starfsmannahaldi og skrifstofustjórn að öðru leyti.

14. gr.

Kennslustjóri annast í umboði rektors og háskólaráðs málefni, er snerta kennslu og kennara, húsnæði háskólans og búnað. Hann hefur umsjón með gerð kennsluskrár og með störfum deildarfulltrúa í samráði við deildarforseta.

15. gr.

Byggingastjóri hefur í umboði rektors umsjón með skipulagi lóða og bygginga, hönnun framkvæmda og gerð nýs húsnæðis. Hann útvegar leiguhúsnæði og sér um viðhald, breytingar og endurbætur á húsnæði háskólans og hefur umsjón með starfsemi húsvarða.

Aðstoðarháskólaritari fer í umboði háskólaritara með daglega stjórn á skrifstofu háskólans, hefur umsjón með skráningu stúdenta, prófum, innfærslu einkunna og afgreiðslu prófskírteina. Hann annast bréfasamskipti við útlönd og önnur verkefni, eftir því sem henta þykir.

Háskólaráð setur starfsmönnum samkvæmt þessari grein erindisbréf svo og öðru starfsliði á skrifstofu háskólans.

Um starfslið háskólabókasafns segir í 65. gr., en um starfslið annarra stofnana háskólans og fyrirtækja fer eftir því, sem segir í lögum eða samþykktum þeirra, sbr. og 64. gr.

16. gr.

Rektor skipuleggur útgáfu árbókar í samráði við starfslið stjórnsýslu, deildarforseta og forstöðumenn stofnana, eftir því sem henta þykir. Heimilt er að ráða ritstjóra til að sjá um framkvæmd verksins eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Í árbók háskólans skal vera skýrsla um starfsemi háskólans, stofnanir hans og sjóði og ráðstöfun á fé því, sem háskólinn hefur haft til umráða, svo og málefni stúdenta.

III. KAFLI.

Háskólakennarar og háskóladeildir.

A. Deildir háskólans.

17. gr.

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild, verkfræði- og raunvísindadeild, viðskiptadeild, tannlæknadeild og félagsvísindadeild.

Heimilt er að stofna til námsbrauta, sem veiti sérhæfða menntun, er leiði til háskólaprófs, þegar svo stendur á, að náminu verður ekki komið fyrir innan háskóladeildar. Háskólaráð kveður á um stofnun slíkra námsbrauta með samþykki menntamálaráðherra að fengnum tillögum um námsskipan og stjórn.

Deildir háskólans og námsbrautir skulu veita kennslu í einstökum greinum í þágu annarra deilda og námsbrauta, eftir því sem við verður komið, samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs.

B. Kennarar háskólans og veiting kennaraembætta.

18. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, þ. á m. erlendir lektorar, aðjúnktar og stundakennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir, sem hafa kennslu og rannsóknir við háskólann að aðalstarfi.

Nú hefur háskólinn ekki tök á að koma upp rannsóknaraðstöðu í tiltekinni kennslugrein, og má þá samkvæmt tillögu háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar tengja slíka kennarastöðu tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við opinbera stofnun utan háskólans, enda sé slík tilhögun heimiluð í reglum stofnunarinnar eða samþykkt af stjórn hennar. Um veitingu slíkrar kennarastöðu fer eftir lögum og reglugerð fyrir háskólann. Veiting slíkrar stöðu má vera tímabundin, og skal staðan þá veitt til allt að fimm ára í senn. Við stöðuveitingu skal starfsheiti ákveðið og kveðið á um starfsskyldur eftir því sem tilefni er til. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gera verður samkvæmt háskólalögum, að fylgi slíkri stöðu. Heimild þessarar málsgreinar nær ekki til prófessorsembætta, sbr. þó 23. gr.

Heimilt er, með samþykki háskólaráðs að tillögu háskóladeildar, að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn.

Háskólaráð setur meginreglur um starfsskyldur fastráðinna kennara og leysir úr því, hvernig starfsskylda þeirra skuli skiptast, sbr. nánar 24. gr.

Aðjúnktar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta, og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar svo og styrkþegar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun, mánaðar- eða árslaun. Í hvert skipti, er nýr kennari ræðst að háskólanum, skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Dósentar og lektorar, sem nú starfa við háskólann og skipaðir voru fyrir gildistöku laga nr. 22/1969, halda starfsheitum sínum.

19. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósenta og lektora. Eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum ræður háskólaráð aðjúnkta og erlenda lektora að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskóladeild stundakennara og styrkþega.

20. gr.

Umsækjendur um prófessorsembætti og dósentsstörf skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf. Með umsókninni skulu send eintök af vísindalegum ritum og ritgerðum umsækjenda, prentuðum og óprentuðum.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu eða starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem kennarinn á að starfa við, hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði. Heimilt er að kveðja erlenda menn til starfa í dómnefnd.

Dómnefnd skal hraða störfum sínum eftir föngum, og skal hún að jafnaði hafa lokið störfum innan tveggja mánaða frá því er hún var skipuð. Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og námsferli hans og störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentsstarf við háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur, og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt.

Framangreind ákvæði skulu einnig gilda um skipun sérfræðinga við háskólastofnanir, nema að því leyti sem á annan veg er mælt í reglugerðum einstakra stofnana. Víkja má þó frá þessari tilhögun við veitingu starfs samkvæmt tillögu hlutaðeigandi stofnunar og deildar, eftir því sem við á.

Heimilt er að flytja kennara úr lektorsstöðu í dósentsstöðu. Deild eða námsbraut skal hafa frumkvæði um slíka stöðuhækkun. Lektor, sem setið hefur í stöðu sinni í fimm ár, á rétt til þess, að deild hans eða námsbraut eigi frumkvæði að stöðuhækkun honum til handa. Háskólaráð skal hverju sinni skipa dómnefnd til að dæma um hæfi lektorsins til þess að gegna dósentsstarfinu. Skal deild eða námsbraut tilnefna einn dómnefndarmanna, og er hann formaður nefndarinnar, menntamálaráðherra tilnefnir annan, og hinn þriðja skipar háskólaráð án tilnefningar. Um hæfi dómnefndarmanna gilda sömu reglur og við dómnefndarskipun við ráðstöfun lausra starfa. Dómnefndin skal ljúka störfum innan tveggja mánaða frá skipun. Skal hún láta uppi rökstutt álit um það, hvort af störfum lektorsins við háskólann og af fyrra ferli hans megi ráða, að hann sé hæfur til þess að gegna dósentsstarfinu. Að fengnu áliti deildar eða námsbrautar gerir háskólaráð tillögu til menntamálaráðuneytisins um afgreiðslu málsins. Ekki er heimilt að flytja lektorinn í dósentsstarf, nema dómnefndin segi berum orðum, að hann sé til þess hæfur.

21. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur menntamálaráðherra, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennaraembætti við háskólann án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

Menntamálaráðherra skal heimilt, samkvæmt tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennaraembætti laust til umsóknar, svo að embættið verði veitt ári áður en hinn nýskipaði kennari hefur kennslu sína. Kveða skal á um það hverju sinni, frá hvaða tíma launagreiðslur hins nýskipaða kennara hefjist.

22. gr.

Ný prófessorsembætti verða stofnuð með lögum eða með ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum háskólaráðs og háskóladeildar, þegar fé er veitt til í fjárlögum.

23. gr.

Prófessorar, dósentar og lektorar í tilteknum kennslugreinum geta jafnframt haft starfsaðstöðu við opinberar stofnanir utan háskólans, ef háskólinn hefur ekki tök á að koma upp slíkri aðstöðu í viðkomandi fræðigrein. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru um slíkar stöður samkvæmt háskólalögum. Heimild til slíkra starfa má aðeins veita með samþykki háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar í hverju einstöku tilviki.

Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstöðu lyflækn is- og handlæknisdeildum Landspítalans, prófessorinn í geðlæknisfræði skal vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, uns komið hefur verið á fót fleiri sjúkradeildum fyrir geðveika, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð. Prófessorinn í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum veitir forstöðu fæðingardeild Landspítalans, og prófessorinn í röntgenfræði veitir forstöðu röntgendeild Landspítalans.

C. Kennsluskylda og lausn undan henni.

24. gr.

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hvernig starfsskylda einstakra háskólakennara skuli skiptast milli kennslu og annarra starfsþátta. Nú unir kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntamálaráðherra, sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.

Rektor á rétt á að vera leystur undan kennsluskyldu að nokkru eða öllu. Ef því er að skipta, ákveður rektor með samþykki menntamálaráðherra, hversu ráðstafa skuli kennslunni.

25. gr.

Rektor getur veitt kennurum lausn í bili undan kennsluskyldu, allt að þremur vikum. Endranær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki háskólaráðs, að veita kennara lausn undan kennsluskyldu um takmarkaðan tíma. Kennari sá, er lausn hefur frá kennsluskyldu, ákveður kennara í sinn stað, einn eða fleiri, með samþykki háskóladeildar.

D. Háskóladeildir og störf þeirra.

26. gr.

Hver háskóladeild velur úr hópi prófessora deildarinnar deildarforseta og annan til vara. Deildarforseti á sæti í háskólaráði, en varaforseti tekur sæti hans þar eftir reglum 7. gr.

Deildarforseta og varaforseta skal kjósa til tveggja ára í senn. Kosning er skrifleg og fer fram í maímánuði, en hinn kjörni deildarforseti tekur við störfum með byrjun næsta háskólaárs.

Kjörgengum kennurum er skylt að taka við kosningu til deildarforsetastarfa og til starfa varadeildarforseta. Endurkjósa má deildarforseta, en rétt hefur hann til að skorast undan endurkjöri. Sá, sem gegnt hefur embætti rektors, getur og skorast undan kjöri til deildarforsetastarfa næsta kjörtímabil eftir að hann lét af rektorsstörfum. Nú fellur deildarforseti frá eða lætur af störfum, og skal þá kjósa deildarforseta og varaforseta fyrir þann hluta kjörtímabils, sem eftir er.

27. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum, en skylt er að boða til fundar, ef rektor eða þriðjungur deildarmanna, sem rétt eiga á fundarsetu, æskja þess.

Deildarforseti boðar fundi bréflega og með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar háskóladeildir geta þó ákveðið annan hátt á fundarboðun. Fundarefni skal greina í fundarboði.

Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra manna. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta eða þess, er gegnir forsetastörfum.

Heimilt er deildarforseta að binda fundarmenn þagnarheiti um einstök mál.

Gerðir deildarfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið.

28. gr.

Á deildarfundum eiga sæti prófessorar, dósentar og lektorar, sbr. 18. gr. 1. mgr., svo og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni, og er þeim skylt að sækja fundi. Enn fremur eiga þar sæti þrír fulltrúar stúdenta í deildum, þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildarsamþykktum, er 12 eða færri, og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja 6 til viðbótar. Stjórn deildarfélags tilkynnir deildarforseta val fulltrúa félagsins. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar í hlutastarfi, svo og aðjúnktar, megi sitja deildarfundi með atkvæðisrétti.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar kennara, sem ekki eiga sæti á deildarfundi, og skal deildarforseti þá boða þá á deildarfund og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni deild.

Kennari, sem menntamálaráðherra veitir lausn undan kennsluskyldu, skal jafnframt vera undan þeirri skyldu þeginn að sækja deildarfundi, enda á hann ekki atkvæðisrétt á þeim fundum, meðan lausnin stendur. Heimilt er að veita lausn undan kennsluskyldu með þeim áskilnaði, að skyldur og réttindi til stjórnunarstarfa séu óbreytt.

Kennari, sem háskólaráð hefur veitt rannsóknarleyfi samkvæmt kjarasamningi, skal eiga rétt til setu á deildarfundi með fullum réttindum, ef hann æskir þess.

29. gr.

Hver deild og námsbraut semur kennsluskrá fyrir sig, og skal þar gerð grein fyrir námsefni, kennsluháttum, prófkröfum, stjórn deildar- og námsbrautarmála og félagsmálum stúdenta.

Í kennsluskrá skal greina, hverjar námsgreinar séu kenndar í deild eða námsbraut, hvernig þeim sé skipt eftir kennslumisserum, hve námstíminn sé áætlaður langur í heild eða í hverjum prófhluta um sig, ef því er að skipta. Þá skal og greina námskeið og æfingar og reglur um þau. Enn fremur skal lýsa þar kennsluháttum, og

prófháttum, þar skal geta kennslurita og annarra rita, sem æskilegt er, að stúdent kynni sér í námi sínu og greina almennt frá náminu, eftir því sem þörf þykir.

Við hverja deild og námsbraut skulu starfa ráðgefandi námsnefndir, sem jafn margir kennarar og nemendur eiga sæti í. Kennarar, þar með taldir stundakennarar, og stúdentar kjósa fulltrúa hvorir í sínu lagi í upphafi hvers kennsluárs. Hlutverk námsnefnda er að fjalla um tillögur um námsefni í hverri kennslugrein, semja umsagnir og tillögur um námsskipan og kennslufyrirkomulag greinarinnar. Deildir og námsbrautir ákvarði nánar um fjölda námsnefnda og hlutverk þeirra.

IV. KAFLI.

Kennsla og nemendur.

A. Háskólaár, kennsluár, misseraskipting og kennsluhlé.

30. gr.

Háskólaárið telst frá 15. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár háskólans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 15. september til 23. janúar og vormisseri frá 24. janúar til 31. maí. Háskólaráð getur ákveðið aðra misseraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir.

31. gr.

Á kennsluárinu eru þessi leyfi: Jólaleyfi frá 20. desember til 6. janúar og páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum. Byrjunar- og lokadagur hvors leyfis telst með. Auk þessara leyfa er kennsluhlé á sumardaginn fyrsta, 1. maí og 1. desember.

Háskólaráð eða deildir geta gefið leyfi einstaka daga af sérstöku tilefni.

B. Kennsla.

32. gr.

Fyrirlestrar, æfingar og námskeið eru fyrir skrásetta stúdenta, en kennara er heimilt að gefa öðrum kost á að sækja slíka kennslu, nema háskólaráð mæli öðruvísi fyrir.

Háskóladeildir og námsbrautir geta staðið fyrir framhaldsmenntun kandídata og námskeiðum til endurmenntunar fyrir þá, sem lokið hafa fullnaðarprófi í kennslugreinum deildar. Deildir og námsbrautir ákveða, hvernig slíkri kennslu er hagað.

33. gr.

Heimspekileg forspjallsvísindi skal kenna í öllum deildum og námsbrautum háskólans og einkunn vera veginn hluti af lokaeinkunn í samræmi við reglur hverrar deildar eða námsbrautar.

Kennarar í heimspeki við heimspekideild skipuleggja kennsluna undir verkstjórn prófessorsins í heimspeki, sem gerir tillögur um námsefni og kennara til hverrar deildar og námsbrautar. Deild eða námsbraut ákveður hvort námsgreinin sé valfrjáls eða skyldugrein.

34. gr.

Nú metur deild eða námsbraut nám til eininga, og skal þá fullt nám í eitt kennsluár metið til sem næst 30 eininga (e). Sæki deildin eða námsbrautin kennslu til annarrar deildar eða námsbrautar, sem einnig metur nám til eininga, skal mat

síðari deildarinnar gilda fyrir hina fyrri. Meti síðari deildin nám ekki til eininga, skal fyrri deildin meta námið.

Sæki einstakir stúdentar námskeið í annarri deild eða námsbraut en sinni eigin, skal heimadeild hans meta námskeiðin til eininga.

35. gr.

Háskóladeildum og námsbrautum er heimilt, að höfðu samráði við námsnefndir, að setja reglur um skyldu stúdenta til þátttöku í æfingum, verklegu námi og vettvangsþjálfun svo og reglur um leiðbeiningar og umsjón með námi stúdenta að öðru leyti.

C. Nemendur.

36. gr.

Hver sá, sem staðist hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari gegn því að greiða skrásetningargjald.

Rektor getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, sem lokið hafa erlendis prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenskt stúdentspróf.

Háskólaráði er heimilt samkvæmt umsókn og að fengnum tillögum þeirrar deildar, er í hlut á, að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru fullnaðarprófi frá menntaskóla en stúdentsprófi. Þá er háskólaráði og heimilt samkvæmt umsókn að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru námi hérlendis með þeim árangri, sem hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur nægja til framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Enn fremur skal rektor vera þessum ráðstöfunum meðmæltur.

Raungreinadeildarpróf frá Tækniskóla Íslands veitir einnig rétt til skrásetningar til verkfræðináms með fyrrgreindum skilyrðum.

37. gr.

Skrásetning nýrra stúdenta til náms fer fram ár hvert á tímabilinu 1.—15. júlí og frá 2. — 15. janúar. Háskólaritara er heimilt að leyfa einstökum stúdentum skrásetningu á öðrum tímum en greinir hér að framan, ef sérstaklega stendur á. Beiðni um skrásetningu skal fylgja ljósrit eða staðfest endurrit af stúdentsprófsskírteini og önnur þau skilríki, sem nánar kann að verða kveðið á um af hálfu háskólaráðs. Mæla má svo fyrir, að stúdentar fylli út umsóknareyðublöð og láti í té ýmsar almennar upplýsingar, sem þörf þykir að fá. Þá skal skrásetningargjald fylgja umsókn.

Í september ár hvert skulu aðrir en þeir, sem frumskrásettir eru til náms á tilteknu ári, láta skrásetja sig og greiða þá skrásetningargjald. Stúdentar hafa ekki rétt til þess að sækja fyrirlestra og æfingar og verða ekki skráðir til prófa, nema þeir séu skráðir í hinni árlegu skrásetningu. Þeir njóta ekki þeirra félagslegu fríðinda, sem því er samfara að vera stúdent í háskólanum, sbr. l. nr. 33/1968 um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

38. gr.

Ár hvert skal háskólaráð, að fengnum tillögum Stúdentaráðs Háskóla Íslands og stjórnar Félagsstofnunar stúdenta, ákveða hversu hátt skrásetningargjald skuli vera og hvernig það skiptist milli stúdentaráðs, Félagsstofnunar stúdenta og stúdentaskiptasjóðs. Menntamálaráðherra staðfestir þessa ákvörðun.

39 gr.

Rektor er heimilt að kveða svo á, að stúdentar gangi undir berklarannsókn samkvæmt auglýsingu.

Um stúdenta í heilbrigðisgreinum mega deildir og námsbrautir setja sérákvæði um heilbrigðiseftirlit.

40. gr.

Háskólaráð getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans.

Áður en brottrekstur er ráðinn, skal leita umsagnar háskóladeildar stúdents. Veita skal stúdent kost á að svara til saka. Enn fremur skal leita umsagnar stjórnar í deildarfélagi stúdents.

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna menntamálaráðuneytinu. Stúdent er heimilt að skjóta úrskurði háskólaráðs til menntamálaráðherra. Kæra frestar framkvæmd úrskurðar, en stúdent má þó ekki ganga undir próf, meðan á málskoti stendur.

Nú tekur stúdent sig á, og er háskólaráði þá heimilt að fella brott fyrri úrskurð um brottrekstur.

41. gr.

Hljóti stúdent dóm fyrir refsivert brot, er hefur flekkun mannorðs í för með sér skv. 2. gr. l. nr. 52/1959, er háskólaráði heimilt að víkja honum úr skóla. Stúdentinn getur skotið þeirri ákvörðun til menntamálaráðherra með þeim hætti, er segir í 40. gr. Heimilt er háskólaráði að víkja stúdent úr skóla um stundarsakir, meðan rannsókn í slíku máli stendur yfir.

42. gr.

Afskipti háskólans af háskólastúdent hætta, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni eða prófi, er sérstakur lærdómstitill er við tengdur, enda haldi hann ekki áfram óslitið námi í grein sinni til æðri prófstiga. Nú er mælt fyrir um, að stúdentar skuli skrá sig til náms hvert háskólaár, sem þeir stunda nám við skólann, og falla þeir þá niður af stúdentatali, ef þeir láta ekki skrá sig til náms.

Nú óskar stúdent að gera hlé á námi sínu heilt kennsluár eða lengur, og skal hann þá leita heimildar viðkomandi háskóladeildar eða námsbrautar og skrá sig árlegri skrásetningu, meðan á leyfistíma stendur, enda sé gætt ákvæða um tímamörk náms.

V. KAFLI.

Próf.

43. gr.

Próf geta verið munnleg, skrifleg eða verkleg.

Háskólakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglugerð.

Munnleg próf skulu haldin í heyranda hljóði. Þó er háskóladeild heimilt, ef sérstaklega stendur á, að ákveða, að slík próf skuli haldin fyrir luktum dyrum.

44. gr.

Almenn próf eru haldin 7.—23. janúar, 5.—31. maí og 1.—15. september. Hefjist kennsla fyrir 15. september samkvæmt 30. gr., skal prófum vera lokið fyrir þann

tíma. Próf í einstökum greinum geta þó farið fram á öðrum tímum samkvæmt ákvörðun háskóladeildar, að höfðu samráði við kennslustjóra. Háskóladeild er heimilt að ákveða hvort hún nýti þrjú próftímabil eða tvö. Auglýsa skal próftöflu í kennsluskrá ef unnt er, en annars með mánaðar fyrirvara hið skemmsta.

45. gr.

Fyrir upphaf kennslutímabils skulu stúdentar láta skrá sig í þau námskeið, er þeir hyggjast sækja. Skrifstofa háskólans ákveður, hvenær innritun í námskeið fer fram og auglýsir skrásetningarfrest með hæfilegum fyrirvara. Innritun í námskeið gildir sem innritun í það próf, sem haldið er að námskeiðinu loknu. Þó skal stúdent heimilt að segja sig úr prófi, sbr. 46. gr.

Þegar stúdent er fyrst skrásettur í námskeið eða próf, skal hann greiða prófgjald, er rennur í Háskólasjóð. Háskólaráð ákveður prófgjaldið ár hvert.

46. gr.

Nú stenst stúdent ekki próf, gengur frá því eftir að hann hefur byrjað próf eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Standist hann þá ekki prófið, gangi frá því eða komi ekki til prófs án þess að boða forföll, hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að ganga oftar undir það. Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist skrifstofu háskólans eigi síðar en þremur dögum fyrir prófdag. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.

Stúdent er heimilt að endurtaka próf, sem hann hefur staðist, ef það er gert í tæka tíð samkvæmt ákvæðum þeim, er gilda um tímamörk. Nú byrjar stúdent prófið, og fellur þá fyrra próf í grein eða prófhluta úr gildi. Þar sem flokki greina er skipað saman í prófhluta, verður stúdent að taka upp próf í öllum greinum prófhlutans, ef hann vill ekki una fyrra prófi.

Nú óskar kandídat að taka upp próf að nokkru eða öllu, og gilda þá einnig ákvæði 2. málsgreinar, þó svo að kandídatsprófið haldi gildi sínu, ef kandídat byrjar á prófi að nýju, en lýkur því ekki.

47. gr.

Skrifstofa háskólans annast undirbúning og stjórn prófa í samráði við deildir og námsbrautir.

Stúdentum, sem í prófi eru, er óheimilt að aðstoða aðra prófmenn við prófúrlausn eða leita aðstoðar annarra. Skrásettum stúdent, sem ekki er í prófi, er einnig óheimilt að veita slíka aðstoð. Prófmönnum er óheimilt að tala saman, og þeir mega ekki hafa aðrar bækur eða gögn með sér en þau, sem deild þeirra leyfir. Brot gegn ákvæðum þessum og öðrum prófreglum, sem háskólaráð setur, varða vísun frá prófi og eftir atvikum viðurlögum skv. 24. gr. háskólalaga.

Skriflegar prófúrlausnir skulu merktar prófnúmerum og einkunnir birtar undir sömu auðkennum, ef deild eða námsbraut ákveður.

Nánari reglur um prófvörslu og framkvæmd prófa skal setja með sérstakri samþykkt háskólaráðs.

48. gr.

Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómari utan háskólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi

deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem dæma skal, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn, nema skipun sé samkvæmt 2. mgr. hér á undan.

Sé ekki völ á prófdómara hérlendis utan háskólans, er fullnægi skilyrðum 3. mgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starfans að fenginni tillögu háskóladeildar.

49. gr.

Prófandi og prófdómari ef því er að skipta, ráða í sameiningu úrlausnarefni í hverri prófgrein og dæma úrlausnir. Ber að prófa sem víðast úr því efni, sem til prófs er. Prófandi og prófdómari ef tilkallaður er, dæma hver um sig úrlausn í prófgrein hverri. Hvor um sig gefur sjálfstætt einkunn fyrir úrlausnina og gilda þær jafnt í einkunnagjöf. Einkunnir skulu birtar í síðasta lagi þremur vikur eftir hvert próf.

50. gr.

Skrifstofa háskólans sér um færslu einkunna og varðveislu þeirra með tryggilegum hætti.

51. gr.

Einkunnir skulu gefnar í heilum, eða heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Aðaleinkunn er vegið meðaltal allra einkunna til lokaprófs. Aðaleinkunn reiknast með tveimur aukastöfum, og er 9,0—10 ágætiseinkunn, 7,25—8,99 er fyrsta einkunn, 6,0—7,24 er önnur einkunn, og 5,0—5,99 er þriðja einkunn.

52. gr.

Stúdent telst ekki hafa staðist próf, nema hann hljóti einkunnina 5,0. Háskóladeildum er þó heimilt í reglugerð að víkja frá þessu í einstökum prófum, sem teljast til prófhluta eða prófflokks með sérstaka lágmarkseinkunn.

Háskóladeildum er á sama hátt heimilt að áskilja hærri lágmarkseinkunn fyrir einstök próf, prófhluta eða prófflokka.

Sérákvæði deildar um hærri lágmarkseinkunn en 5,0 í einstökum prófgreinum, prófhlutum eða prófflokkum skulu aðeins gilda fyrir nemendur hlutaðeigandi deildar.

53. gr.

Að loknu fullnaðarprófi skal kandídat fá prófskírteini, sem deildarforseti eða formaður námsbrautarstjórnar undirritar.

Prófskírteini kandídats í lyfjafræði lyfsala undirritar forstöðumaður þess deildarhluta.

54. gr.

Háskólaráði er heimilt, eftir tillögum háskóladeildar, að víkja lítilsháttar frá settum reglum um kennslu og próf.

55. gr.

Forseti háskóladeildar eða formaður námsbrautarstjórnar metur, að höfðu samráði við greinarkennara, hvort viðurkenna skuli háskólapróf, sem stúdent hefur tekið erlendis og að hverju leyti.

Sé um próf að ræða, sem tekið hefur verið við háskóla eða hliðstæða menntastofnun annars staðar á Norðurlöndum, fer um mat þess, svo sem við getur átt, eftir samnorrænum reglum um viðurkenningu hlutaprófa.

VI. KAFLI.
Doktorar og meistarar.

56. gr.

Háskóladeildir hafa rétt til þess að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita annað hvort í heiðursskyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót í heiðursskyni verður ekki veitt nema með samþykki ¾ hluta allra atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi. Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga aðeins atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta í heiðursskyni.

57. gr.

Sá, er æskir doktorsnafnbótar, skal að jafnaði hafa lokið kandídatsprófi eða embættisprófi.

58. gr.

Doktorspróf er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, munnlegri vörn, og enn fremur geta einstakar deildir með samþykki háskólaráðs skilið til, að doktorsefni flytji fyrirlestur um fræðileg efni, einn eða fleiri.

Umsókn um að þreyta doktorspróf skal stíluð til hlutaðeigandi háskóladeildar.

Nú leggur sá, er æskir að taka doktorspróf, fram fleiri ritgerðir en eina, og verða ritgerðir þá að varða sama megin rannsóknarsvið og mynda nokkra heild. Þegar svo stendur á, skal semja sérstaka yfirlitsritgerð, þar sem dregið er saman efni hinna einstöku ritgerða og settar fram heildarályktanir.

Rit það, er doktorsefni leggur fram eða yfirlitsritgerð, sé um fleiri ritgerðir en eina og ræða, mega hafa birst í lengsta lagi 2 árum áður en rit eru afhent háskólanum vegna doktorsprófs. Óheimilt er án leyfis deildar að breyta ritgerð, eftir að hún er afhent háskólanum.

Ritgerð má vera á erlendu máli, en áskilja má, að hún geymi rækilegan útdrátt á íslensku. Háskóladeild getur veitt manni leyfi til að tala erlent mál við doktorspróf.

59. gr.

Háskóladeild skipar þriggja manna dómnefnd til að meta vísindagildi ritsmíða þeirra, er fylgja umsókn doktorsefnis. Í dómnefnd er heimilt að skipa menn utan háskólans, þ. á m. erlenda menn. Dómnefnd skilar skriflegu og rökstuddu áliti til deildar. Nú er það einróma álit dómnefndar, að rit, sem umsækjandi hefur lagt fram, fullnægi ekki kröfum þeim, sem gera verður til doktorsritgerða, og skal deildin þá synja umsækjanda um að ganga undir doktorspróf. Endranær metur deildin það fyrir sitt leyti, að fengnu áliti dómnefndar, hvort veita skuli umsækjanda kost á að þreyta prófið.

Nú telur deildin ritgerðina tæka til doktorsvarnar, og tilnefnir hún þá tvo andmælendur við munnlega vörn ritgerðarinnar. Umsækjandi skal þá láta prenta ritgerðina, hafi það ekki verið gert áður. Háskólinn á rétt á 100 eintökum ókeypis. Doktorsefni skal síðan verja ritgerðina í háskólanum í heyranda hljóði á þeim degi, sem deildin ákveður, en ritgerð eða ritgerðir skulu hafa birst opinberlega a. m. k. fjórum vikum áður en munnleg vörn fer fram.

Nú vill maður, sem ekki er tilnefndur andmælandi, taka til máls um verk doktorsefnis, og skal hann þá skýra deildarforseta frá því einum sólarhring áður en doktorsvörn fer fram. Þó getur deildarforseti leyft manni úr áheyrendahópi stutta athugasemd án slíks fyrirvara. Að lokinni munnlegri vörn og fyrirlestrahaldi, ef því er að skipta, ákveður deildarforseti ásamt andmælendum, hvort veita skuli doktorsnafnbót. Verði ágreiningur, skal skjóta málinu til deildarfundar.

60. gr.

Háskólaráð getur samkvæmt tillögum háskóladeildar ákveðið, að munnleg vörn við doktorspróf falli niður, ef sérstök ástæða þykir til, enda sé dómur dómnefndar lofsamlegur um rit doktorsefnis. Háskólaráð getur með sama skildaga leyst doktorsefni undan þeirri skyldu að birta ritgerð sína á prenti, en áskilja skal, að hann afhendi háskólanum nokkur eintök af ritgerð sinni eða ritgerðum, vélrituðum eða fjölrituðum, enda skal þá eitt eintak liggja frammi í háskólabókasafni einn mánuð hið skemmsta, áður en vörn fer fram. Þegar svo stendur á, sem í þessari grein segir, skal birta rökstutt álit dómnefndar í næstu árbók háskólans.

61. gr.

Að loknu doktorsprófi fær deildarforseti doktor í hendur doktorsskjal, sem háskólarektor og deildarforseti undirrita. Nánari reglur um framkvæmd doktorsprófs skulu settar með sérstakri samþykkt háskólaráðs.

62. gr.

Hver sá, er hlotið hefur doktorsnafnbót frá háskólanum, á rétt á að halda þar fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

Nú þykir doktor misbeita þessum rétti sínum, og getur þá háskólaráð svipt hann réttinum.

63. gr.

Háskólaráð getur ákveðið í samþykkt samkvæmt tillögum háskóladeildar, að heimilt sé að ganga undir meistarapróf í grein að loknu embættis- eða kandídatsprófi. Prófið er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, og má áskilja, að umsækjandi gangi einnig undir munnlegt próf í tilteknum greinum og haldi opinbera fyrirlestra. Ritgerð skal skila til þeirrar háskóladeildar, sem í hlut á.

Við meistarapróf gilda sömu reglur um ákvörðun prófsefnis og mat á úrlausnum sem við fullnaðarpróf. Hver háskóladeild, sem ákveður að taka upp meistarapróf, ákvarðar nánar prófkröfur með samþykki háskólaráðs.

VII. KAFLI.

Stofnanir háskólans, eigur hans og fjármál.

64. gr.

Háskólaráð hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, svo sem háskólabókasafni, fyrirtækjum háskólans, svo sem kvikmyndahúsi, og með sjóðum skólans og öðrum eigum.

Háskólaráð setur einstökum fyrirtækjum háskólans samþykktir, ræður forstjóra þeirra og setur þeim erindisbréf, nema öðruvísi sé mælt í reglum um þau.

Um stjórn sjóða fer eftir því, sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um. Sama gegnir um úthlutun vísindalegra verðlauna.

65. gr.

Forseti Íslands veitir embætti háskólabókavarðar að fengnum tillögum háskólaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðra bókaverði að fengnum tillögum háskólaráðs. Háskólaráð ræður annað starfslið bókasafns eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Háskólaráð setur reglur um stjórn háskólabókasafns og fær háskólabókaverði erindisbréf.

VIII. KAFLI.
Um rannsóknastofnanir.

66. gr.

Heimilt er að efna til rannsóknastofnana við einstakar deildir háskólans samkvæmt ákvörðun deilda og háskólaráðs og með samþykki menntamálaráðuneytisins, eftir því sem fé verður veitt til þess. Skulu þær að jafnaði heyra undir háskóladeild. Í reglugerð eða samþykktum má m. a. kveða á um starfssvið rannsóknarstofnunar, stjórn hennar og tengsl við háskóladeild og háskólaráð. Heimilt er að fela rannsóknarstofnun að annast kennslu innan fræðasviða hennar.

IX. KAFLI.
Guðfræðideild.

67. gr.

Kennslugreinar eru þessar:	Vægi í kjarna:
1. Gamla testamentisfræði	23 e.
2. Nýja testamentisfræði	38 e.
3. Trúfræði og kirkjudeildafræði	14 e.
4. Félagsleg siðfræði	12 e.
5. Kirkjusaga og saga guðfræðinnar	14 e.
6. Almenn trúarbragðafræði	8 e.
7. Kennimannleg guðfræði	16 e.

Guðfræðideild tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið og um vægi þeirra.

Heimilt er deildinni að setja reglur um samstarfshópa kennara til þess að velja viðfangsefni og skipuleggja námsvinnu í hinum ýmsu greinum.

68. gr.

Nám í guðfræði til embættisprófs jafngildir 150 námseiningum.

Námskeið skiptast í kjarna, frjálst nám og kjörsvið. Nám í kjarna jafngildir 125 e, í frjálsu námi 10 e og á kjörsviði 15 e.

Heimilt er, með leyfi deildarinnar, að stunda frjálst nám (10 e) í öðrum deildum háskólans.

Þegar stúdent er kominn áleiðis í námi skal hann í samráði við kennara velja sér kjörsvið á sviði einnar kennslugreinar. Skulu námskeið þau, er hann velur, jafngilda samtals 15 e hið minnsta. Stúdent skal semja stutta ritgerð úr efni kjörsviðs. Heimilt er stúdent, í samráði við kjörsviðskennara sinn, að stunda nám á kjörsviði í öðrum deildum háskólans eða í Kennaraháskóla Íslands allt að 5 e, auk náms í guðfræðideild.

Deildinni er heimilt að hefja kennslu í einstökum námskeiðum, þótt þau falli ekki undir kennslugreinar þær, sem 67. gr. tilgreinir. Deildinni er einnig heimilt að kveða á um lágmarksundirbúning til þátttöku á tilteknum kjörsviðum.

69. gr.

Heimilt er að meta ritgerðir og frammistöðu í æfingum sem hluta af prófi.

Próf eru skrifleg, en þó skal prófa munnlega í hebresku og grísku og verklega í prédikun og barnaspurningum. Á kjörsviði er prófað munnlega, en gefin einkunn fyrir ritgerð, er gildir að þriðja hluta á móti munnlega prófinu og þeim hlutaprófum, sem stúdentinn tekur hjá kjörsviðskennara og/eða samkvæmt heimild hans. Munnlega prófið gildir þó aldrei minna en þriðjung heildareinkunnar á kjörsviði.

70. gr.

Stúdent skal ljúka embættisprófi í guðfræði eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið samfleytt 8 ár skrásettur í guðfræðideild. Deildin getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

Sá, sem lokið hefur embættisprófi í guðfræði, ber prófheitilinn candidatus theologiae (cand. theol.).

71. gr.

Í guðfræðideild er heimilt að stunda B. A. nám í guðfræði. Hafi stúdent lokið minnst 60 námseiningum í guðfræði af þeim 90 e, sem krafist er til B. A. prófs, má brautskrá hann úr guðfræðideild.

Um fyrirkomulag B. A. námsins fer eftir námskrá, er deildin setur.

Stúdent skal ljúka B. A. prófi eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið skrásettur í guðfræðideild samfleytt í 6 ár. Að öðru leyti gilda hér ákvæði 1. mgr. 70. gr.

X. KAFLI.

Læknadeild.

A. Læknisfræði.

72. gr.

Stjórn læknadeildar er í höndum deildarfunda, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um, nema að því leyti sem deildarfundur hefur afsalað sér þessu valdi í hendur deildarráðs. Deildarfund skal halda minnst tvisvar á ári, einn á hvoru kennslumisseri, eða oftar ef tilefni er til. Fundi skal boða bréflega með minnst viku fyrirvara. Tillögur og greinargerðir varðandi breytingar á kennslugreinum eða prófum skal senda með fundarboði.

Í deildarráði eiga sæti auk deildarforseta 3 prófessorar, 2 dósentar og 2 læknanemar. Kjör prófessoranna og dósentanna fer fram á deildarfundi í maí samtímis kosningu deildarforseta og gildir til tveggja ára frá upphafi næsta háskólaárs. Félag læknanema kýs 2 fulltrúa í ráðið til eins árs í senn, og taka þeir þá strax til starfa. Enginn má sitja lengur samfleytt í ráðinu en 4 ár. Velja skal fulltrúa kennara í deildarráð þannig, að þeir kenni á sem flestum stigum námsins.

Fundi skal halda í deildarráði eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Varaforseti deildarinnar má sitja fundi ráðsins og hefur þar tillögurétt. Sama gildir um formann kennslunefndar og kennslustjóra. Deildarforseti boðar til funda með dagskrá. Fundur er því aðeins lögmætur, að minnst 5 af 8 atkvæðisbærum deildarráðsmönnum sitji fundinn. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði deildarforseta úrslitum. Færa skal nákvæma gerðabók um fundi ráðsins. Fundargerð skal lesa upp og staðfesta með undirskriftum í lok fundar. Fundargerðir skal senda öllum, sem sæti eiga á deildarfundi. Deildarforseti ákveður, hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál, er deildina varða, en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflokkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða minnst þriðjungur atkvæðisbærra deildarráðsmanna óskar þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Stúdentar, sem sæti eiga á deildarfundum og í deildarráði, hafa ekki atkvæðisrétt, þegar fjallað er um erindi frá heilbrigðisstjórninni.

73. gr.

Í kennslunefnd eiga sæti auk deildarforseta 6 fulltrúar kennara og 3 læknanemar. Á deildarfundi í maí skal kjósa fulltrúa kennara til tveggja ára í senn, að fengnum tillögum kennara á hverju hinna sex kennsluára. Taka þeir til starfa við upphaf næsta háskólaárs. Fulltrúar stúdenta eru tilnefndir af Félagi læknanema til eins árs í senn, og taka þeir þá strax til starfa. Nefndin velur sér á fyrsta fundi formann til eins árs úr hópi hinna sex kjörnu kennara og annan til vara. Fundur í nefndinni er lögmætur, ef minnst 6 fulltrúar sitja hann.

Læknadeild má ráða kennslustjóra til tveggja ára í senn gegn sérstakri þóknun. Kennslustjóri situr fundi kennslunefndar með fullum réttindum.

Kennslunefnd og kennslustjóri fylgjast með þróun læknakennslu hérlendis og erlendis og hafa gildandi kennsluskipan stöðugt í athugun, gera í samráði við kennara tillögur um námsefni og magn þess, kennslutíma og fyrirkomulag prófa, annast samræmingu kennslu og prófa, sjá um samningu og útgáfu kennsluskrár, veita kennurum og stúdentum leiðbeiningar og sinna öðrum verkefnum, sem deildarfundur, deildarráð eða deildarforseti kunna að fela þeim.

Kennsluskrá ásamt próftöflu skal gefa út eigi síðar en þremur mánuðum fyrir upphaf kennsluárs. Sé nauðsynlegt að breyta kennsluskrá, skal það gert með samþykki kennslunefndar og að jafnaði eigi síðar en fjórum vikum áður en viðkomandi kennsla hefst.

74. gr.

Læknadeild ákvarðar kennslugreinar og skiptingu þeirra í námskeið og um vægi þeirra.

Allar breytingar á vægi námskeiða skal tilgreina í kennsluskrá eða tilkynna á annan hátt eigi síðar en við upphaf kennsluárs.

Kennsla í hverri grein skal við það miðuð, að stúdent fái yfirferð yfir öll aðalatriði hennar, áður en hann gengur undir próf. Kennslu skal haga þannig, að unnt sé að ljúka námi á 6 árum, en heildarnámstími má ekki vera lengri en 8 ár. Undanþágur má veita vegna veikinda eða annarra forfalla, lögmætra að dómi deildar.

Stúdentar, sem eru í verklegu námi á sjúkradeildum eða rannsóknarstofum, skulu sitja fræðslufundi þeirra.

75. gr.

Stúdent skal hafa lokið öllum prófum hvers árs, áður en hann hefur nám á næsta námsári.

Janúarpróf fyrsta árs eru ekki endurtekin á öðrum árstímum. Þeir einir sitja áfram á vormisseri fyrsta árs, sem lokið hafa öllum janúarprófum þess árs með gildandi lágmarkseinkunn í hverri grein.

Nú er fjöldi stúdenta, sem stenst 1. árs próf meiri en svo, að veita megi þeim öllum viðunandi framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma, og getur háskólaráð þá eftir rökstuddum tillögum læknadeildar takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Réttur stúdenta til framhaldsnáms skal miðaður við árangur 1. árs

prófa. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs, sem prófin eru haldin.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg, en geta einnig verið munnleg eða verkleg eftir ákvörðun deildarinnar.

Séu prófþættir fleiri en einn í einhverri kennslugrein eða próf haldið í sömu kennslugrein á fleiri en einu ári, þarf stúdent að fá tilskilda lágmarkseinkunn í hverjum prófþætti. Deildin ákvarðar vægi hvers prófþáttar í samráði við kennara.

Árangur stúdents í verklegu námi er metinn af þeim kennara, sem kennsluna annast. Kennari skilar skriflegum vitnisburði til skrifstofu háskólans. Gefnar eru fjórar einkunnir: Ágætt, gott, sæmilegt, slæmt. Sá, sem fær einkunnina slæmt, telst ekki hafa lokið verklega náminu og getur ekki sagt sig til prófs. Einkunnir fyrir verklegt nám reiknast ekki með til lokaeinkunnar. Heimilt er þó með samþykki kennslunefndar að gefa verklega einkunn í tölum og reikna hana sem ákveðinn hluta af lokaeinkunn í hlutaðeigandi grein.

Sá, sem lokið hefur embættisprófi í læknisfræði, ber prófheitilinn candidatus medicinae et chirurgiae (cand.med. & chr.).

B. Lyfjafræði lyfsala.

76. gr.

Um dagleg málefni lyfjafræði lyfsala fjallar þriggja manna stjórnarnefnd í umboði læknadeildar. Prófessorinn í lyfjafræði lyfsala skal vera formaður nefndarinnar. Auk hans sitja í nefndinni einn fulltrúi kjörinn af læknadeild og einn fulltrúi stúdenta, kjörinn af almennum fundi í Félagi lyfjafræðinema. Kjörtími er eitt ár. Er föstum kennurum í lyfjafræði lyfsala fjölgar, fellur niður kjör fulltrúa læknadeildar.

Stjórnarnefndin gerir árlega áætlun um kennslu, húsnæðisþörf, rekstrarkostnað og þróun deildarhlutans, fjallar um umsóknir um fastar kennarastöður og ræður stundakennara. Hún ber ábyrgð á daglegri stjórn námsins, semur kennsluskrá í samráði við kennara, samræmir námsefni, kennslu og próf, veitir stúdentum leiðbeiningar og ráðgjöf, skipuleggur og hefur eftirlit með prófum í samráði við kennara og skrifstofu háskólans.

77. gr.

Kennslugreinar (skrifleg próf):	Vægi:
Almenn efnafræði I og efnagreining I, verklegur hluti innifalinn	6
Lyfjagerðarfræði	18
Lífræn og líffræðileg efnafræði, verklegur hluti innifalinn	6
Sérhæfð lyfjafræði	6
Lífræn efnafræði, verklegur hluti innifalinn	12
Lyflýsingafræði	6
Grasafræði	6
Stærðfræði	3
Tölfræði og gagnafræði	3
Eðlisfræði	0
Lyfjalöggjöf, verðlagning lyfja og latína	6
Lyfjaefnafræði	12
Rekstrarfræði lyfjabúða	6
Lífefnafræði, verklegur hluti innifalinn	12
Efnagreiningartækni, verklegur hluti innifalinn	6

Kennslugreinar (verkleg próf):

Galensk lyfjagerð	18
Plöntugreining	0
Lyfjagreiningartækni	6

Stjórnarnefndin tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið, skiptingu á misseri, og um vægi þeirra.

78. gr.

Þeir stúdentar, sem lokið hafa fullnaðarprófi við stærðfræði-, eðlisfræði- eða náttúrufræðideild í íslenskum skóla, sem hefur heimild til þess að brautskrá stúdenta, hafa aðgang að námi í lyfjafræði lyfsala. Háskólaráð getur þó eftir rökstuddum tillögum stjórnarnefndarinnar takmarkað fjölda stúdenta, sem veittur er aðgangur að náminu hverju sinni.

Kennslu skal haga þannig, að ljúka megi námi á þremur árum. Ekki er þó skylt að halda uppi kennslu á 3.námsári, nema þrír stúdentar hið fæsta skrái sig til náms.

Áður en stúdent gengur undir próf í lok 2. kennslumisseris, skal hann leggja fram vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlítandi ástundun við námið og lokið tilbúningi eigi færri en 15 galenskra samsetninga. Þá er stúdent segir sig til annarra prófa, skal hann hafa staðist próf í lok 2. misseris og öll undangengin próf.

Við einkunnagjöf skal stuðst við úrlausnir æfingaverkefna, sem stúdent hefur leyst á námstímanum. Einkunn í galenskri lyfjagerð skal miða að hálfu við skýrslur stúdenta á námstímanum og að hálfu við frammistöðu á prófi. Lágmarkseinkunn er 6,0 í galenskri lyfjagerð og lyfjagreiningartækni.

Aðstoðarlyfjafræðingsprófi skal lokið eigi síðar en 5 árum eftir að stúdent er skrásettur í lyfjafræðinámið. Undanþágu má veita frá þessum tímamörkum vegna veikinda eða annarra svipaðra vítaleysisástæðna.

79. gr.

Um verklegt nám utan háskólans að loknu námi þar fer eftir reglum og samningi milli Háskóla Íslands, Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands. Sá, sem lokið hefur verklegu námi samkvæmt ofansögðu, getur sótt um leyfi til þess að mega kalla sig lyfjafræðing eða aðstoðarlyfjafræðing, enda fullnægi hann, eftir því sem við á, kröfum 3. gr. eða 4. gr. laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978.

C. Námsbraut í hjúkrunarfræði.

80. gr.

Kennsla og rannsóknir í hjúkrunarfræði fara fram í námsbraut í tengslum við læknadeild.

Stjórn námsbrautarinnar er í höndum námsbrautarstjórnar. Í henni eiga sæti námsbrautarstjóri, fastráðnir kennarar námsbrautarinnar, tveir fulltrúar læknadeildar kjörnir til tveggja ára í senn og einn fulltrúi háskólaráðs kjörinn til sama tíma. Enn fremur eiga þar sæti fulltrúar stúdenta, og fer um fjölda þeirra eftir sömu reglum og gilda um setu stúdenta á deildarfundum. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi.

Námsbrautarstjórn gerir árlega áætlun um kennslu, húsnæðisþörf, rekstrarkostnað og þróun námsbrautarinnar. Stjórnin fjallar um umsóknir um starf námsbrautarstjóra og fastar kennarastöður og ræður stundakennara í samráði við námsbrautarstjóra.

Þegar háskólaráð eða læknadeild fjallar sérstaklega um málefni námsbrautarinnar, skal boða formann námsbrautarstjórnar eða þann, sem hann kveður til úr hópi stjórnarmanna, á fundinn, og hefur hann þar fullt málfrelsi og tillögurétt.

81. gr.

Námsbrautarstjóri skal starfa við námsbrautina, þar til minnst þrír kennarar hafa verið fastráðnir eða annað verður ákveðið. Hann skipuleggur námið í samræmi við ákvarðanir námsbrautarstjórnar. Hann annast daglega stjórn námsins, semur lestrar- og kennsluáætlanir í samráði við kennara, samræmir námsefni, kennslu og próf, veitir stúdentum leiðbeiningar og ráðgjöf, skipuleggur og hefur eftirlit með prófum í samráði við kennara og skrifstofu háskólans og hlutast til um, að stúdentar geti eftir atvikum átt aðild að rannsóknarverkefnum. Námsbrautarstjórn ákveður kennsluskyldu námsbrautarstjóra.

82. gr.

Hjúkrunarfræði er fjögurra ára nám, er lýkur með B. S. prófi. Stúdent skal hafa lokið prófum 1. og 2. árs á þremur árum hið mesta, en hámarksnámstími er 6 ár. Námsbrautarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá þessum tímamörkum, er sérstaklega stendur á.

Við námsbrautina skal kenna almenna hjúkrunarfræði og sérgreinar hjúkrunar. Þessar námsgreinar má sækja utan námsbrautarinnar: Efnafræði, félagsfræði, líffærafræði, sýkla- og ónæmisfræði, sálarfræði, lífefnafræði, líffræðilisfræði, lyfjafræði og meinafræði. Sé kennslan utan námsbrautarinnar ekki við hæfi stúdenta í hjúkrunarfræði, skal efna til sérstakra námskeiða eftir því sem kostur er á.

Námsbrautarstjórn tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið og um vægi þeirra.

D. Námsbraut í sjúkraþjálfun.

83. gr.

Kennsla og rannsóknir í sjúkraþjálfun fara fram í námsbraut í tengslum við læknadeild.

Stjórn námsbrautarinnar er í höndum námsbrautarstjórnar. Í henni eiga sæti námsbrautarstjóri, fastráðnir kennarar námsbrautarinnar, tveir fulltrúar læknadeildar kjörnir til tveggja ára í senn og einn fulltrúi háskólaráðs kjörinn til sama tíma. Ennfremur eiga þar sæti fulltrúar stúdenta, og fer um fjölda þeirra eftir sömu reglum og gilda um setu stúdenta á deildarfundum. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi.

Námsbrautarstjórn gerir árlega áætlun um kennslu, húsnæðisþörf, rekstrarkostnað og þróun námsbrautarinnar. Stjórnin fjallar um umsóknir um starf námsbrautarstjóra og fastar kennarastöður og ræður stundakennara í samráði við námsbrautarstjóra.

Þegar háskólaráð eða læknadeild fjalla sérstaklega um málefni námsbrautarinnar, skal boða formann námsbrautarstjórnar eða þann, sem hann kveður til úr hópi stjórnarmanna, á fundinn, og hefur hann þar fullt málfrelsi og tillögurétt.

84. gr.

Námsbrautarstjóri skal starfa við námsbrautina, þar til minnst þrír kennarar hafa verið fastráðnir eða annað verður ákveðið. Hann skipuleggur námið í samræmi við ákvarðanir námsbrautarstjórnar. Hann annast daglega stjórn námsins, semur lestrar- og kennsluáætlanir í samráði við kennara, samræmir námsefni, kennslu og próf, veitir stúdentum leiðbeiningar og ráðgjöf, skipuleggur og hefur eftirlit með

prófum í samráði við kennara og skrifstofu háskólans og hlutast til um, að stúdentar geti eftir atvikum átt aðild að rannsóknarverkefnum. Námsbrautarstjórn ákveður kennsluskyldu námsbrautarstjóra.

85. gr.

Sjúkraþjálfun er fjögurra ára nám, er lýkur með B. S. prófi. Stúdent skal hafa lokið öllum prófum hvers árs áður en hann hefur nám á næsta ári. Hámarksnámstími er 5 ár. Námsbrautarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá báðum þessum skilyrðum, þegar sérstaklega stendur á.

Við námsbrautina skal kenna sjúkraþjálfunarfræði. Þessar námsgreinar má sækja utan námsbrautarinnar: Líffærafræði, eðlisfræði, lífeðlisfræði, sálarfræði, meinafræði, sjúkdómafræði, félagsfræði, tölfræði og stjórnun. Sé kennslan utan námsbrautarinnar ekki við hæfi stúdenta í sjúkraþjálfun, skal efna til sérstakra námsskeiða eftir því sem kostur er á.

Námsbrautarstjórn tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið og um vægi þeirra.

86. gr.

Námsbrautarstjórn gerir árlega rökstudda tillögu til háskólaráðs um, hve mörgum nýjum stúdentum námsbrautin veiti viðtöku. Ákvörðun háskólaráðs um innritunartakmarkanir, ef þörf krefur, skal liggja fyrir við upphaf skrásetningarfrests. Tillaga námsbrautarstjórnar skal byggð á þeirri aðstöðu sem námsbrautinni er búin. Ef nauðsynlegt reynist að takmarka aðgang, skulu eldri stúdentar, sem eigi hafa lokið prófum 1. árs, sækja um námsvist á 1. ári að nýju, og verður fjallað um umsóknir þeirra á sama hátt og nýrra stúdenta.

XI. KAFLI.

Lagadeild.

87. gr.

Kennslugreinar eru þessar:

A. Skyldugreinar:
1. Almenn lögfræði og ágrip af réttarsögu.
2. Sifjaréttur, erfðaréttur og persónuréttur.
3. Stjórnskipunarréttur, stjórnarfarsréttur og ágrip af þjóðarétti.
4. Fjármunaréttur.
5. Refsiréttur.
6. Réttarfar.
7. Ælingar í úrlausn raunhæfra verkefna.

B. Bundnar kjörgreinar:
Afbrotafræði.
Alþjóðlegur einkamálaréttur.
Félagaréttur.
Hagfræði.
Opinber stjórnsýsla.
Réttarsaga.
Sjóréttur.
Skattaréttur.
Vátryggingaréttur.
Þjóðaréttur.

C. Sérstakar kjörgreinar.

88. gr.

Námi til embættisprófs í lögfræði skal skipta í þrjá hluta.

I. Kennslugreinar í fyrsta hluta eru þessar:
1. Almenn lögfræði og ágrip af réttarsögu.
2. Sifjaréttur, erfðaréttur og persónuréttur.
3. Stjórnskipunarréttur, stjórnarfarsréttur og ágrip af þjóðarétti.
4. Fjármunaréttur.

Kennslu í almennri lögfræði og ágripi af réttarsögu skal haga þannig, að prófi í þeirri grein verði lokið í lok 1. námsárs. Stúdent skal hafa lokið prófinu, áður en hann byrjar í lokaprófum 1. hluta. Í greininni skal vera eitt skriflegt próf, og þarf einkunnina 7,0 til að standast það. Einkunn í almennri lögfræði skal ekki talin til 1. hluta prófs, en hins vegar til embættisprófs.

Kennslu í öðrum greinum 1. hluta skal haga þannig, að prófum í þeim verði lokið í lok 2. námsárs. Í kennslugreinum 2 og 3 skulu vera tvö skrifleg próf í hvorri grein, bæði á sama próftímabili, nema stúdent hafi áður þreytt áfangapróf í grein. Ein einkunn skal gefin fyrir hvert próf. Í fjármunarétti skulu vera tvö skrifleg próf á sama próftímabili og einkunnir tvær.

Halda skal áfangapróf í greinum 2 og 3 miðuð við námsefni fyrsta árs, eins og það er hverju sinni, þegar gengið er undir próf. Ganga má undir áfangapróf á hverju þriggja próftímabila, eftir að stúdent á þess fyrst kost að þreyta slíkt próf. Gildir þetta um alla stúdenta, sem nú eru skráðir til 1. hluta náms, án tillits til innritunartíma þeirra. Áfangapróf kemur í stað annars þeirra prófa, er fyrr getur, ef stúdent hlýtur einkunnina 6.5 hið minnsta. Standist stúdent ekki áfangapróf, er honum óheimilt að þreyta það sérstaklega að nýju, en heimilt er honum að ganga undir 1. hluta próf. Standist stúdent prófið, má hann þó endurtaka það sem hluta af lokaprófi. Áfangapróf eru skrifleg, en heimilt er að leyfa stúdentum, sem innritaðir eru í lagadeild fyrir 1. júlí 1979 að ganga undir munnlegt áfangapróf, ef til kemur samþykki umsjónarkennara í kennslugrein og ósk meirihluta stúdenta, sem eiga eftir að þreyta prófið.

Lokapróf í 1. hluta skulu tekin í einu lagi að frágengnum þeim áfangaprófum, sem stúdent hefur staðist og ekki óskað að endurtaka.

Stúdent skal hafa lokið 1. hluta prófi, áður en hann þreytir próf í 2. hluta.

II. Kennslugreinar í öðrum hluta eru þessar:
4. Fjármunaréttur.
5. Refsiréttur.
6. Réttarfar.
7. Æfingar í úrlausn raunhæfra verkefna.

Kennslu í 2. hluta skal haga þannig, að náminu megi ljúka á tveimur árum. Í kennslugreinum 4, 5 og 6 skulu vera tvö skrifleg próf í hverri grein, bæði á sama próftímabili, nema stúdent hafi áður þreytt áfangapróf í grein. Ein einkunn skal gefin fyrir hvert próf. Í grein 7 skulu vera tvö skrifleg próf á sama próftímabili, og skal ein einkunn gefin fyrir hvort próf. Í prófum þessum skal reyna á sem flesta þætti í prófgreinum 1. og 2. hluta.

Halda skal áfangapróf í greinum 4, 5 og 6 miðuð við námsefni undanfarins árs, eins og það er hverju sinni, þegar gengið er undir próf. Stúdent má ganga undir áfangapróf á hverju þriggja próftímabila, eftir að hann á þess fyrst kost að þreyta slíkt próf. Gildir þetta um alla stúdenta, sem nú eru skráðir til náms í 2. hluta án tillits til innritunartíma þeirra. Áfangapróf kemur í stað annars þeirra prófa, er fyrr

getur, ef stúdent hlýtur einkunnina 6.0 hið minnsta. Standist stúdent ekki áfangapróf, má hann ekki þreyta það sérstaklega að nýju, en heimilt er honum að ganga undir 2. hluta próf. Standist stúdent prófið, má hann þó endurtaka það sem hluta af lokaprófi. Áfangapróf eru skrifleg, en heimilt er að leyfa stúdentum, sem innritaðir eru í lagadeild fyrir 1. júlí 1979 að ganga undir munnlegt áfangapróf, ef til kemur samþykki umsjónarkennara í kennslugrein og ósk meirihluta stúdenta, sem eiga eftir að ganga undir prófið.

Lokapróf í 2. hluta skulu tekin í einu lagi að frágengnum þeim áfangaprófum, sem stúdent hefur staðist og ekki óskað endurtekningar á.

Stúdent skal hafa lokið 2. hluta prófi, áður en hann þreytir próf í 3. hluta.

III. Kennsla í þriðja hluta.

Fyrir 15. apríl skal stúdent, sem hyggst ljúka prófum 2. hluta að vori eða hausti það ár, velja einn af kennurum deildarinnar umsjónarkennara sinn. Skal valið háð samþykki kennarans og deildarforseta. Í samráði við umsjónarkennara sinn gerir stúdent áætlun um nám sitt í 3. hluta, og skal námsáætlun lögð fram eigi síðar en 15. apríl það ár, sem stúdent hyggst ljúka prófum 2. hluta. Í námsáætlun skal m. a. tiltaka þá grein, er stúdent hyggst stunda framhaldsnám í og hvort hann stefni að ritgerð eða prófi í greininni. Ágreiningi um námsáætlun má skjóta til lagadeildar.

Fyrir 15. apríl skal stúdent, sem hyggst ljúka prófum 2. hluta að vori eða hausti það ár, velja tvær kjörgreinar. Skal hann ljúka munnlegum prófum í þeim báðum. Þó getur lagadeild heimilað skrifleg próf í einstökum greinum eða þáttum þeirra, ef ástæða þykir til. Gefin skal sérstök einkunn fyrir hvort próf, en meðaltal þeirra reiknast sem ein einkunn á embættisprófi. Að öðru leyti skal nám í 3. hluta að jafnaði vera á einu sviði og miða að framhaldsnámi í grein, sem stúdentinn hefur áður lagt stund á í lagadeild, þ. e. greinum 1—6 eða bundinni kjörgrein. Fyrir námsárangur skal gefa tvær einkunnir, fyrir próf og/eða ritgerð eftir ákvörðun í námsáætlun. Ef einvörðungu er tekið próf, skal annað vera skriflegt, en hitt munnlegt. Heimilt er að prófa nemanda munnlega um efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn fyrir ritgerðina.

Lagadeild getur leyft, að námi í 3. hluta verði hagað með öðrum hætti en greint var, bæði þannig að sérstakar kjörgreinar verði viðfangsefni stúdents í deildinni, svo og að nám í öðrum háskóladeildum komi í stað náms í lagadeild og próf þar í stað prófa í lagadeild, allt eftir því, sem nánar verður ákveðið í hvert sinn.

Nám í 3. hluta skal stundað undir umsjón kennara og kennslu haldið uppi eftir því sem hagkvæmt og unnt er. Ef sérstakir erfiðleikar eru á kennslu í bundinni kjörgrein, getur lagadeild ákveðið fyrir eitt ár í senn, að hún skulu ekki kennd.

Að öðru leyti setur lagadeild nánari reglur um nám í 3. hluta.

89. gr.

Kennslu í lagadeild skal haga þannig, að stefnt sé að því, að embættisprófi sé lokið eftir 5 ára nám.

Stúdent skal ljúka prófi í almennri lögfræði ekki síðar en á því almanaksári, þegar hann hefur verið samfleytt 2 ár í deildinni. Hann skal ljúka 1. hluta prófi ekki síður en á því almanaksári, þegar hann hefur verið samfleytt 3 ár í deildinni og 2. hluta prófi, þegar hann hefur verið samfleytt 6 ár í deildinni. Hann skal ljúka embættisprófi ekki síðar en á því almanaksári, þegar hann hefur verið samfleytt 8 ár í deildinni. Lagadeild getur veitt undanþágur frá þessum ákvæðum um tímamörk, ef veikindi eða svipaðar vítaleysisástæður koma til.

Próf í almennri lögfræði, áfangapróf og lokapróf í 1., 2. og 3. hluta skal halda í maí og september.

Auk þeirra lágmarkseinkunna, sem áskildar eru í 88. gr., þarf stúdent að hljóta einkunnina 6.5 að meðaltali í 1. hluta og einkunnina 6.0 að meðaltali í 2. og 3. hluta til þess að standast próf í hverjum hluta fyrir sig.

Embættispróf er fólgið í prófi í almennri lögfræði, prófum í öðrum greinum 1. hluta og greinum 2. og 3. hluta. Stúdent er ekki heimilt að ljúka embættisprófi fyrr en í maímánuði hinum næsta, eftir að hann lauk 2. hluta prófi. Lagadeild getur veitt undanþágu frá þessu, ef sérstaklega stendur á.

Sá, sem lokið hefur embættisprófi, ber próftitilinn candidatus juris (cand. jur.).

Í lagadeild skal halda uppi kennslu og leiðbeiningum fyrir kandídata eftir því sem aðstæður leyfa. Lagadeild ákveður, hvernig kennslu fyrir kandídata er hagað. Heimilt er að gefa út vottorð um nám þeirra að fullnægðum skilyrðum, sem deildin setur, t. d. um próf. Lagadeild setur nánari reglur um vottorð þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I. Stúdentar skráðir í lagadeild á árinu 1975 og fyrr skulu þreyta munnlegt og skriflegt lokapróf í kennslugreinum, sem þeir hafa eigi lokið áfangaprófum í. Þessi tilhögun gildir til haustprófa 1980.

II. Stúdentum í 2. hluta, sem ekki hafa þreytt áfangapróf, en reynt hafa við lokapróf og ekki staðist það eða gengið frá því, er heimilt að þreyta áfangapróf samkvæmt 88. og 89. gr.

XII. KAFLI.
Viðskiptadeild.

90. gr.

Kennslugreinar eru þessar: Prófgreinar í fyrri hluta, sbr. 91. gr., prófgreinar í fyrirtækjakjarna, þjóðhagskjarna og endurskoðunarkjörsviði, sbr. 92. og 94. gr., og kjörgreinar samkvæmt ákvörðun deildarinnar.

91. gr.

Prófgreinar í fyrri hluta eru þessar:	Vægi:
1. Fornámskeið í stærðfræði	0 e
2. Bókfærsla	3 e.
3. Reikningshald I	3 e.
4. Reikningshald II	3 e.
5. Reikningshald III	3 e.
6. Stærðfræði I	3 e.
7. Stærðfræði II	3 e.
8. Tölfræði	6 e.
9. Rafreiknar I	3 e.
10. Íslensk haglýsing	6 e.
11. Aðferðafræði	3 e.
12. Lögfræði	6 e.
13. Almenn þjóðhagfræði	6 e.
14. Almenn rekstrarhagfræði	6 e.
15. Skattaréttur, skattskil	3 e.
16. Félagsfræði	3 e.

Kennslu í fyrri hluta skal haga þannig, að farið sé yfir allt námsefnið árlega og við það miðað, að unnt sé að ljúka prófi í hlutanum á tveimur árum.

Próf í bókfærslu skal taka, áður en gengið er undir próf í reikningshaldi. Próf í fornámskeiði í stærðfræði, í stærðfræði I og stærðfræði II skal taka í þessari röð. Heimilt er stúdent að ganga undir áðurtalin próf á sama prófтímabili eftir því sem við á, en próf aftar í röðinni öðlast ekki gildi, ef stúdent stenst ekki próf, sem framar er í röðinni.

Lágmarkseinkunn í prófgreinum nr. 2, 13 og 14 er 6.5.

92. gr.

Til síðari hluta prófs teljast kjarni, kjörsvið, frjálsar kjörgreinar og ritgerð.

Kjarni er metinn 30 námseiningar, kjörsvið 9 einingar, frjálsar kjörgreinar 12 einingar og ritgerð 9 einingar.

Stúdent getur valið milli tveggja kjarna, fyrirtækjakjarna og þjóðhagskjarna.

Prófgreinar í fyrirtækjakjarna eru þessar:	Vægi:
17. Stjórnun I	3 e.
18. Stjórnun II	5 e.
19. Fjármál fyrirtækja I	3 e.
20. Fjármál fyrirtækja II	5 e.
21. Sala I	3 e.
22. Sala II	5 e.
23. Framleiðsla I	3 e.
24. Framleðisla II	3 e.

Prófgreinar í þjóðhagskjarna eru þessar:	Vægi:
17. Stjórnun I	3 e.
19. Fjármál fyrirtækja I	3 e.
23. Framleiðsla I	3 e.
25. Þjóðhagfræði II	6 e.
26. Þjóðhagfræði III	6 e.
27. Opinber stjórnsýsla	3 e.
28. Stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttur	3 e.
29. Hagrannsóknir	3 e.

Kennslu í síðari hluta skal haga þannig, að farið sé yfir námsefni í kjarnagreinum árlega, en námsefni í öðrum greinum að minnsta kosti annað hvort ár.

Stúdent skal hafa lokið fyrri hluta prófi, áður en hann hefur nám í síðari hluta.

93. gr.

Viðskiptadeild setur reglur um niðurröðun kjörgreina í kjörsvið og mat þeirra til námseininga. Sérstakar reglur gilda um endurskoðunarkjörsvið, sbr. 94. gr.

Stúdent velur frjálsar kjörgreinar, er hvorki teljast til kjarna né kjörsviðs hans. Heimilt er honum einnig að áskildu samþykki deildarinnar að velja frjálsar kjörgreinar í öðrum deildum eða námsbrautum.

Efni ritgerðar skal vera úr sviði kjarna eða kjörsviðs og valið í samráði við a. m. k. einn fastráðinn kennara deildarinnar fyrir lok kennslu á fyrsta ári síðari hluta. Deildin setur nánari reglur um samningu ritgerða og skil. Heimilt er að prófa stúdent munnlega um efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn fyrir ritgerðina.

94. gr.

Viðskiptadeild skal standa fyrir sérstöku endurskoðunarkjörsviði í framhaldi af fyrirtækjakjarna.

Prófgreinar eru þessar:	Vægi:
30. Reikningshald IV	6 e.
31. Endurskoðun I	3 e.
32. Endurskoðun II	3 e.
33. Skattaréttur og skattskil II	3 e.
34. Fjármuna- og félagaréttur	3 e.
35. Ein frjáls kjörgrein	3 e.

Stúdent, sem velur þetta kjörsvið, skal þreyta próf í öllum ofantöldum greinum. Kemur þetta kjörsviðsnám í stað kjörsviðs og frjálsra kjörgreina hjá þeim stúdentum, er velja önnur kjörsvið. Ákvæði 93. gr. gilda eftir því sem við getur átt.

95. gr.

Heimilt er deildinni að meta ritgerðir og frammistöðu í æfingum sem hluta af prófi og áskilja lágmarkseinkunn í hverjum prófhluta greinar. Skal um þetta jafnan haft samráð við kennara í hlutaðeigandi grein. Heimilt er einnig að meta vinnu stúdenta í fyrirtækjum og stofnunum og vinnu við ákveðin verkefni utan deildar jafngilda samningu ritgerða eða þátttöku í æfingum.

Próf skulu vera skrifleg, nema deildin ákveði annað.

Falli stúdent úr deildinni fær hann viðurkennd próf í bókfærslu, almennri rekstrarhagfræði og almennri þjóðhagfræði, enda hafi hann náð lágmarkseinkunn í þessum greinum og endurinnritast eigi síðar en á næsta háskólaári.

Stúdent skal hafa lokið fyrri hluta prófi eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið skrásettur í viðskiptadeild í 3 ár samfleytt, og síðari hluta prófi eigi síðar en 6 árum eftir skrásetningu. Viðskiptadeild getur veitt undanþágu frá þessum tímamörkum, ef veikindum eða svipuðum vítaleysisástæðum er til að dreifa.

XIII. KAFLI.

Heimspekideild.

96. gr.

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfunda, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um, nema að því leyti sem deildarfundur hefur afsalað sér þessu valdi í hendur deildarráðs. Deildarfund skal halda minnst tvisvar á ári, í maí og nóvember, og annars ef tilefni er til. Fundi skal boða bréflega með minnst viku fyrirvara. Dagskrá skal greina í fundarboði.

Deildarráð er skipað 9 mönnum, deildarforseta, 6 fastráðnum kennurum kjörnum á deildarfundi til eins árs í senn og 2 fulltrúum stúdenta kjörnum af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stúdenta á deildarfundum. Nýkjörið deildarráð tekur til starfa við upphaf háskólaárs. Varaforseta deildarinnar er heimil seta á fundum ráðsins, og hefur hann þar tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Við kjör í deildarráð skal þess gætt, að einstakar kennslugreinar fái fulltrúa sem næst í hlutfalli við fjölda fastra kennara í grein, en þær greinar, sem í eru færri fastir kennarar en svo, að þær eigi fulltrúa í deildarráði á hverju ári, fái fulltrúa til skiptis. Sé fjallað sérstaklega um kennslugreinar, sem eigi er fulltrúi fyrir í

deildarráði, skal deildarforseti leita umsagnar og tillagna greinarkennara og gefa þeim kost á að senda fulltrúa á fund til þess að ræða um það mál, en atkvæðisrétt á fulltrúinn ekki.

Deildarráð heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði á kennsluárinu, en ella þegar þörf krefur. Fundi skal boða bréflega með þriggja daga fyrirvara, ef kostur er. Dagskrá skal greina í fundarboði. Deildarforseti boðar fundi og stýrir þeim. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra deildarráðsmanna. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði deildarforseta úrslitum. Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið. Fundargerðir skal senda öllum, sem sæti eiga á deildarfundi. Deildarforseti ákveður, hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál, er deildina varða, en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflokkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða þriðjungur atkvæðisbærra deildarráðsmanna æskir þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

97. gr.

Kennslugreinar eru þessar:

a) Til B. A. prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, finnska, franska, gríska, heimspeki, íslenska, latína, norska, rússneska, sagnfræði, spænska, sænska og þýska. Auk þess er heimilt að taka upp kennslu í aukagreinum eftir nánari ákvörðun deildar.

b) Til cand.mag. prófs: Danska, enska, íslenskar bókmenntir, íslensk málfræði og sagnfræði.

c) Til bacc.philol.Isl. prófs: Íslenska fyrir erlenda stúdenta.

Deildin tekur nánari ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið og um vægi þeirra í námseiningum, í hvaða röð námskeið skulu tekin og hver þeirra séu skyldunámskeið. Þó skulu almenn málvísindi og bókmenntafræði ætíð vera skyldubættir í tungumálum.

Ef sérstakir erfiðleikar eru á kennslu í einhverri kennslugrein, getur deildin ákveðið, að hún skuli ekki kennd. Stúlentar, sem lokið hafa einu námskeiði í kennslugrein, eiga rétt á að ljúka 30 e í greininni.

Við gerð kennsluskrár skal við það miðað, að stúdent þurfi ekki að sækja fleiri en 12 kennslustundir á viku, þegar frá eru taldir æfingatímar, sem krefjast ekki undirbúnings.

98. gr.

Kennslu til B. A. prófs skal haga þannig, að stúdent sé unnt að ljúka námi á þremur árum og kennslu til cand.mag. prófs þannig, að stúdent geti lokið námi á tveimur árum að loknu B. A. prófi. Kennslu til prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta skal haga þannig, að ljúka megi námi á tveimur árum.

Námsmat felst í skriflegum og/eða munnlegum prófum, æfingavinnu, verkefnum eða ritgerðum. Tilhögun námsmats fer eftir samkomulagi kennara og nemenda og skal það liggja fyrir, áður en mánuður er liðinn af kennslu. Náist ekki samkomulag skal málinu vísað til námsnefndar og þaðan til deildarráðs ef þörf krefur.

99. gr.

Nám skal vegið í einingum (e) og skal ársnám talið 30 e.

Til B. A. prófs er krafist 90 e að viðbættum heimspekilegum forspjallsvísindum (3 e), en til cand.mag. prófs er krafist B. A. prófs að viðbættum 60 e. Námskeið skal að jafnaði vera 5 e eða margfeldi af 5 e. Þá má deildarráð veita undanþágu frá þessu.

I. B. A. próf.

Til B. A. prófs velur stúdent sér aðalgrein úr kennslugreinum þeim, sem upp eru taldar í 97. gr. 1. mgr. a-lið, og tekur í henni minnst 60 e. Stúdent skal einnig velja sér aukagrein úr þessum greinum, og ber að taka í henni minnst 30 e. Stúdent er heimilt með samþykki heimspekideildar að sækja aukagrein til annarrar deildar. Ákveða má, að hluti aðalgreinar eða aukagreinar séu valfrjáls námskeið. Heimilt er stúdent í samráði við greinarkennara að sækja námskeið til annarra deilda Minnst 5 e skulu felast í samningu lokaritgerðar, en deildin má þó veita undanþágu frá þeirri reglu.

II. Cand.mag. próf.

Að loknu B. A. prófi má stúdent ganga undir cand.mag. próf í einhverri þeirra greina, sem taldar eru upp í 97. gr. 1. mgr. b-lið, enda hafi hann lokið minnst 60 e í sömu grein til B. A. prófs. Deildinni er þó heimilt að fallast á, að B. A. próf með 60 e í kennslugrein, sem náskyld er hlutaðeigandi cand.mag. grein, ásamt 30 e í cand. mag. greininni, veiti aðgang að cand. mag. námi.

Aðgang að cand. mag. námi í íslenskum bókmenntum eiga þeir, sem lokið hafa B. A. prófi í íslensku sem aðalgrein eða í almennri bókmenntafræði sem aðalgrein og íslensku sem aukagrein. Aðgang að cand. mag. námi í íslenskri málfræði veitir B. A. próf í íslensku sem aðalgrein eða í almennum málvísindum sem aðalgrein og íslensku sem aukagrein.

Heimilt er að velja námskeið allt að 15 e úr öðrum skyldum greinum í samráði við greinarkennara. Ritgerðarefni velur stúdent einnig í samráði við kennara sína, og skal ritgerðin vega minnst 15 e. Heimilt er, að ritgerð samin innan 8 daga tímamarka komi í stað prófs í lok námskeiðs.

III. Bacc.philol.Isl. próf.

Til prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta er krafist minnst 60 e. Heimilt er með samþykki hlutaðeigandi kennara, að ritgerð samin innan 8 daga tímamarka komi í stað prófs. Deildinni er heimilt að veita stúdent undanþágu frá einstökum námskeiðum, ef sérstaklega stendur á. Deildin velur fjóra menn úr hópi kennara í íslensku til þess að standa fyrir prófum ásamt kennurum í bacc.philol.Isl. náminu.

XIV. KAFLI.

Verkfræði- og raunvísindadeild.

100. gr.

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfunda, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um, nema að því leyti sem deildarfundur hefur afsalað sér þessu valdi í hendur deildarráðs. Fundi skal boða bréflega með minnst viku fyrirvara, ef kostur er. Dagskrá skal greina í fundarboði.

Í deildarráði eiga sæti auk deildarforseta, varaforseti deildarinnar, einn fulltrúi úr hverri skor og skal hann vera formaður skorar, tveir fulltrúar kennara, sem sitja skorarfundi, en eru ekki kjörgengir til skorarformennsku, kjörnir úr hópi þeirra á sameiginlegum fundi í apríl ár hvert, og tveir fulltrúar stúdenta, kjörnir af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stúdenta á deildarfundum. Nýkjörið deildarráð tekur til starfa við upphaf háskólaárs.

Deildarráð heldur fundi eftir þörfum. Fundi skal boða bréflega með dagskrá og með þriggja daga fyrirvara, ef því verður við komið. Deildarforseti boðar fundi og stýrir þeim, en varaforseti í forföllum hans. Skylt er að boða til fundar, ef rektor, þriðjungur deildarráðsmanna eða ein skor æskir þess. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar deildarráðsmanna. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði þess, er stýrir fundi. Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið. Innan tveggja vikna skal senda þeim fundargerðina, er sæti eiga á deildarfundi. Deildarforseti ákveður, hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál, er deildina varða, en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflokkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða þriðjungur deildarráðsmanna æskir þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

101. gr.

Deildin skiptist eftir fræðigreinum í eftirtaldar skorir: Stærðfræðiskor, eðlisfræðiskor, efnafræðiskor, byggingarverkfræðiskor, véla- og skipaverkfræðiskor, rafmagnsverkfræðiskor, líffræðiskor og jarðfræðiskor.

Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora, og sker deildarráð úr um þá skiptingu. Hver skor fer í umboði deildarráðs með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor, gerir tillögur til deildarráðs um ráðningu aðjúnkta og stundakennara. Áður en deildin gerir tillögur um skipun eða setningu í prófessorsembætti, dósents- eða lektorsstöður, skal leita álits hlutaðeigandi skorar, og eiga fulltrúar stúdenta á skorarfundi þá ekki atkvæðisrétt. Skorir gera tillögur til deildarráðs um nauðsynlegar fjárveitingar og nýjar stöður.

Á skorarfundi eiga sæti prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúnktar í kennslugreinum skorar, forstöðumenn rannsóknarstofa, er lúta deildinni og starfa á fræðasviði skorarinnar og tveir fulltrúar stúdenta kjörnir ár hvert af félagssamtökum þeirra, og taka þeir sæti á skorarfundum við upphaf næsta háskólaárs. Enginn getur átt sæti í tveimur skorum. Deildarráð ákveður, í hvaða skor kennari eða forstöðumaður rannsóknarstofu á sæti. Formaður skorar getur með samþykki hennar boðið öðrum kennurum í kennslugreinum skorarinnar fundarsetu um skeið án atkvæðisréttar. Deildarforseta er heimil þátttaka í meðferð mála í hverri skor, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni skor.

Hver skor kýs í apríl ár hvert formann úr hópi prófessora, dósenta og lektora skorarinnar. Varaformaður er kjörinn á sama hátt og formaður. Sé þörf annars varamanns, skal kveðja til skorarmenn eftir starfsaldri.

Skor heldur fundi eftir þörfum. Skylt er að boða til fundar, ef deildarforseti eða þriðjungur atkvæðisbærra skorarmanna æskir þess. Skorarformaður boðar fundi bréflega með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar skorir geta þó haft annan hátt á fundarboðun. Fundarefni skal greina í fundarboði. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra skorarmanna. Gerðir

skorarfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið.

Heimilt er deildinni að koma á fót námsnefndum, sem í eiga sæti jafnmargir kennarar og stúdentar, til þess að fjalla um námsefni í hverri kennslugrein og fylgjast með kennslufyrirkomulagi í deildinni.

102. gr.

Verkfræði- og raunvísindadeild veitir kennslu í verkfræði og raunvísindum sem hér segir:

1. Til fullnaðarprófa í verkfræði: Byggingarverkfræði, vélaverkfræði, skipaverkfræði og rafmagnsverkfræði; enn fremur í öðrum verkfræðigreinum, sem deildin ákveður og fé er veitt til. Skipan námsins miðast við, að það taki 4 ár, og er heildarnámið minnst 120 námseiningar.
2. Til B. S. prófa í raungreinum: Stærðfræði, tölvunarfræði, eðlisfræði, jarðeðlisfræði, efnafræði, matvælafræði, líffræði, jarðfræði og landafræði; enn fremur í öðrum greinum eftir því sem deildin ákveður og fé er veitt til. Skipan námsins miðast við, að það taki 3 ár, og er heildarnámið minnst 90 námseiningar.
3. Til áfangaprófa (fyrrihlutaprófa) í eðlisverkfræði og efnaverkfræði. Skipan námsins miðast við, að það taki 2 ár, og er heildarnámið minnst 60 námseiningar. Deildin skal stefna að því, að prófið veiti rétt til framhaldsnáms við tiltekna erlenda tækniháskóla.
4. Deildin getur skipulagt framhaldsnám í kennslugreinum sínum fyrir þá, sem lokið hafa prófi við deildina samkvæmt 1. eða 2. lið hér að ofan, eða samsvarandi prófi.

Deildin tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið, um vægi þeirra og um skiptingu þeirra á námsáfanga.

Skorir gera í kennsluskrá grein fyrir námsskipan og skyldunámskeiðum innan aðalgreinar. Samval námskeiða er háð samþykki skorar.

103. gr.

Verkfræði- og raunvísindadeild getur með samþykki háskólaráðs sett inntökuskilyrði varðandi lágmarksnám eða lágmarkseinkunnir í einstökum greinum eða greinarflokkum.

Stúdent skráir sig í aðalgrein við upphaf náms. Óski stúdent frávika frá námsskipan þeirri, sem gert er ráð fyrir í kennsluskrá, skal hann leggja námsáætlun sína fyrir hlutaðeigandi skor til samþykktar. Sama gildir, ef hann óskar breytinga á upphaflegri námsáætlun.

Deildinni er heimilt að ákveða, að stúdent megi ekki skrá sig í námskeið, nema hann hafi áður öðlast rétt til próftöku eða staðist próf í tilteknum námskeiðum.

Hver skor setur reglur um æfingaskyldu í námskeiðum og lágmarksframmistöðu stúdents í æfingum, til þess að hann öðlist rétt til próftöku.

Halda má æfinganámskeið utan reglulegs kennslutíma.

104. gr.

Stúdent skal ljúka prófi í öllum námskeiðum fyrsta kennsluárs fyrir lok annars námsárs síns og í öllum námskeiðum annars kennsluárs fyrir lok þriðja námsárs, ella glatar hann rétti til þess að halda náminu áfram.

Stúdent skal enn fremur ljúka prófi með tilskildum árangri og ávinna sér svo margar námseiningar er hér segir:

4 ára nám: Eftir 1. ár 20 e, eftir 2. ár 45 e, eftir 3. ár 70 e, eftir 4. ár 95 e og eftir 5. ár 120 e.

3 ára nám: Eftir 1. ár 20 e, eftir 2. ár 45 e, eftir 3. ár 70 e og eftir 4. ár 90 e.

2 ára nám: Eftir 1. ár 20 e, eftir 2. ár 40 e og eftir 3. ár 60 e.

Heimilt er deildinni að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. um tímamörk og námshraða, ef stúdent hefur ekki vanrækt námið og horfur eru á, að hann geti lokið því.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina í verkfræði- og raunvísindadeild.

Til þess að standast B. S.-próf verður stúdent að hafa hlotið:

1. Eigi lægra en 4 í hverri prófgrein.
2. Eigi lægri meðaleinkunn en 5.5 í hverjum prófflokki (þ. e. tveimur misserisprófum sama kennsluárs).
3. Í verkfræði eigi lægri aðaleinkunn en 6.0.

105. gr.

Stúdent, sem hlýtur ekki tilskilda lágmarkseinkunn fyrir próf í lok námskeiðs, má endurtaka prófið að hausti, á næsta misserisprófi eða á 2. hausti. Hið sama á við um stúdent, sem hefur sagt sig úr prófi, en fullnægir próftökuskilyrðum. Við endurtekningu skal þreyta próf eins og það er haldið fyrir aðra stúdenta hverju sinni, nema skor ákveði annað.

Við einkunnagjöf má taka tillit til frammistöðu stúdenta í prófum og æfingum utan reglulegs próftíma og veita fyrir hana sérstaka einkunn, hluteinkunn. Kennarar gera grein fyrir vægi hluteinkunnar í upphafi misseris og tilkynna skorarformanni. Hver skor ákveður vægi hluteinkunnar í einstökum námskeiðum. Skal það tilkynnt stúdentum í upphafi misseris og við birtingu einkunna skal prófeinkunn og hluteinkunn sýnd hver um sig.

XV. KAFLI.

Tannlæknadeild.

106. gr.

Til kennslu í tannlæknisfræði heyra þær greinar, er varða fræðasvið hennar á hverjum tíma. Til fræðasviðs tannlæknisfræðinnar telst allt, sem tengist gerð og starfsemi tyggingarfæra mannslíkamans.

107. gr.

Stjórn tannlæknadeildar er í höndum deildarfundar, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í þeim málum, sem hann tekur til afgreiðslu. Hann kýs deildarráð, gerir tillögur um embætti og veitingu þeirra, ákvarðar breytingar á kennsluskrá, námsreglum og vægi námsgreina.

Deildarráð er kosið til tveggja ára í senn, samtímis kjöri deildarforseta. Í því eiga sæti auk deildarforseta og varaforseta, tveir fastráðnir kennarar í heilu starfi og einn tannlæknanemi tilnefndur til árs í senn af félagi þeirra. Deildarráð ræður málum tannlæknadeildar öðrum en þeim, er deildarfundur kýs að ráða hverju sinni auk þeirra mála, sem honum einum eru falin. Skjóta má máli til deildar-

fundai, ef deildarforseti eða minnst tveir deildarráðsmenn æskja þess. Deildarforseti boðar til deildarráðsfunda með dagskrá, sem einnig er send þeim, er sæti eiga á deildarfundum. Fundur er því aðeins lögmætur, að minnst þrír deildarráðsmenn sitji fundinn. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði deildarforseta úrslitum. Deildarforseti lætur færa fundargerðabók deildarráðs. Afrit fundargerða skal senda þeim, er sæti eiga á deildarfundum.

Kennslunefnd er skipuð tveimur kennurum, er deildarfundur kýs til tveggja ára í senn og tveimur tannlæknanemum, tilnefndum af félagi þeirra til sama tíma. Deildarfundur ákveður formann nefndarinnar. Kennslunefnd annast endurskoðun kennslutilhögunar, samræmingu námsefnis, kennslu og prófa í samráði við nemendur og kennara deildarinnar og gerir tillögur til deildarfundar um þessi efni. Ár hvert semur nefndin kennsluskrá og leggur hana fyrir deildarfund, en kennsluskrá skal koma út eigi síðar en við upphaf kennsluárs.

Kennslustjóra er deildinni heimilt að ráða til árs í senn eða skemmri tíma, enda sé fjárveiting fyrir hendi. Skal hann vinna að tilteknum verkefnum á sviði tannlæknakennslu.

108. gr.

Nú er fjöldi stúdenta, sem stenst 1. árs próf meiri en svo, að veita megi þeim öllum viðunandi framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma, og getur háskólaráð þá eftir rökstuddri tillögu tannlæknadeildar takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Réttur stúdenta til framhaldsnáms skal miðaður við árangur 1. árs prófa. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs, sem prófin eru haldin. Séu tveir eða fleiri með sömu einkunn á 1. árs prófi og gera þarf upp á milli þeirra um rétt til frekara náms, skal hlutkesti ráða. Stúdent hefur staðist hinn fræðilega hluta 1. árs prófa hljóti hann meðaleinkunnina 5.0.

Stúdentar, sem öðlast ekki rétt til þess að halda áfram námi, mega endurtaka öll prófin næsta ár eða láta fyrri próf gilda og keppa þá við nýja stúdenta á jafnréttisgrundvelli.

109. gr.

Sjúkrapróf í samkeppnisprófgrein skal halda, ef þörf krefur, eigi síðar en að fjórum vikum liðnum frá samkeppnisprófi en fyrr, ef kostur er.

Trúnaðarlækni er tannlæknadeild heimilt að hafa. Á degi samkeppnisprófs gengur hann, ásamt deildarforseta, úr skugga um lögmæti forfalla.

Verklegt nám og æfingar er heimilt að meta sem þátt af prófi, eftir nánari ákvörðun deildarfundar. Fyrir upphaf kennsluárs skal tilkynna hlut hvers þáttar í heildareinkunn námsgreinar.

Kandídatsprófi skal stúdent ljúka eigi síðar en sex árum frá því hann hefur nám á öðru námsári. Þó getur deildin veitt undanþágu frá þessum tímamörkum, ef veikindi eða aðrar gildar ástæður koma til.

Próftitilinn candidatus odontologiae (cand. odont.) ber sá, er lokið hefur kandidatsprófi frá tannlæknadeild.

XVI. KAFLI.

Félagsvísindadeild.

110. gr.

Kennslugreinar eru þessar:

a) Aðalgreinar til B. A. prófs: Bókasafnsfræði, félagsfræði, mannfræði, sálarfræði, stjórnmálafræði, uppeldisfræði.

b) Aukagreinar til B. A. prófs: Greinar, sem tilgreindar eru sem aðalgreinar í a-lið auk annarra greina félagsvísinda samkvæmt nánari ákvörðun deildarinnar.

c) Uppeldis- og kennslufræði.

111. gr.

Nám í félagsvísindadeild er metið í einingum (e). Til B. A. prófs er krafist minnst 90 e, og skal stúdent ljúka 60 e í aðalgrein og 30 e í aukagrein eða viðbótarnámskeiðum aðalgreinar. Heimilt er deildinni að gefa kost á 30 eininga viðbótarnámi í aðalgrein eða aukagrein að loknu B. A. prófi.

Deildin tekur, að fengnum tillögum frá námsnefndum, greinarkennurum og stúdentum, ákvarðanir um kennslu í hverri einstakri aðalgrein og aukagrein, enn fremur um skiptingu greina í námskeið og mat þeirra til eininga svo og hver þeirra séu skyldunámskeið í aðalgrein og aukagrein. Námskeið skal að jafnaði eigi vera minna en 3 e. Heimilt er, að sama námskeið sé hluti af fleiri en einni aðalgrein eða aukagrein, en eigi má reikna það nema einu sinni í samanlögðum einingafjölda stúdents.

Við gerð námsskrár skal stefnt að því, þegar því verður við komið, að stúdent þurfi ekki að velja aðalgrein sína á fyrstu tveimur misserum námsins.

Heimilt er stúdent að sækja nám í aukagrein til annarra deilda eða námsbrauta að fengnu samþykki félagsvísindadeildar og þeirrar deildar eða námsbrautar, sem námið er sótt til.

Deildin setur nánari reglur um samval aðalgreina og aukagreina og um stærð og mat lokaritgerða.

112. gr.

Kennslu til B. A. prófs skal haga þannig, að stúdent geti lokið 90 e námi á þremur árum. Hámarksnámstími til þess að ljúka B. A. prófi er 9 kennslumisseri frá því er stúdent var skrásettur í félagsvísindadeild. Deildinni er heimilt að veita undanþágu frá þessum tímamörkum, þegar sérstaklega stendur á.

Námsmat felst í skriflegum og/eða munnlegum prófum, æfingum, vinnuverkefnum eða ritgerðum.

113. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1979.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1979.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 12. september 1979.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Stjórnartíðindi A 18, nr. 75—79. Útgáfudagur 26. september 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 — 1979

15. október 1979. 299 Nr. 80.

AUGLÝSING

um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrunum:

Benedikt Gröndal fer með forsætisráðuneytið og utanríkisráðuneytið.

Kjartan Jóhannsson fer með sjávarútvegsráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Magnús H. Magnússon fer með félagsmálaráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og samgönguráðuneytið.

Bragi Sigurjónsson fer með landbúnaðarráðuneytið og iðnaðarráðuneytið.

Sighvatur Björgvinsson fer með fjármálaráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Vilmundur Gylfason fer með menntamálaráðuneytið og dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

Forsætisráðuneytið, 15. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Guðmundur Benediktsson.

15. október 1979. Nr. 81.

FORSETABRÉF

um þingrof.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að Alþýðuflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafi orðið sammála um, að stofnað skuli nú til almennra alþingiskosninga og nauðsyn beri því til þess, að Alþingi verði rofið, svo að efna megi til alþingiskosninga þegar á þessu ári.

Samkvæmt þessu er Alþingi hér með rofið nú þegar.

Gjört að Bessastöðum, 15. október 1979.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Benedikt Gröndal.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

FORSETABRÉF

um almennar þingkosningar til Alþingis 1979.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram sunnudaginn 2. desember og mánudaginn 3. desember 1979.

Gjört að Bessastöðum, 15. október 1979.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Benedikt Gröndal.

Nr. 83. 16. október 1979.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn fór í dag til útlanda.
Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 84. 16. október 1979.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss að vegna þess, að þing hafi nú verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla um bráðabirgðalög nr. 74 10. september 1979 um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald er biðu staðfestingar Alþingis og falli því úr gildi við þingrofið beri brýna nauðsyn til að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis sem geti komið til staðfestingar á Alþingi þegar það kemur saman.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. og 2. málsliður 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greiða til og með 31. desember 1980 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 18% gjald til og með 11. september 1979 en tímabilið frá og með 12. september 1979 til og með 31. desember 1980 greiðist 24% gjald.

2. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 1. gr. laganna:
97.06.01, 97.06.02 og 97.06.09.

3. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr B-lið 1. gr. laganna:
92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.08.00, 92.10.00 og 92.12.21.

4. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hið hækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 12. september 1979 skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 12. september 1979 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 12. september 1979.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 12. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem gildir frá og með 12. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

Við tollafgreiðslu á vöru, sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Þó skal við samræmingu tolls skv. 13 tl. 3. gr. tollskrárlaga eigi veita slíka undanþágu hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri, sem tollur er færður til samræmis við. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal þó í stað hins hærra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13 tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið hærra vörugjald.

5. gr.

Niðurfelling gjaldsins skv. 2. og 3. gr. þessara laga sbr. lög nr. 74/1979 skal miðuð við sölu eða aðra afhendingu frá og með 12. september 1979 ef um innlenda framleiðslu er að ræða en um innfluttar vörur skulu gilda í þessum efnum ákvæði 3. mgr. 14. gr. l. 120/1976 um tollskrá o. fl.

6. gr.

Óheimilt er vegna hækkunar vörugjalds frá og með 12. september að hækka verð vörubirgða sem vörugjald hafði verið greitt af fyrir þann dag.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál og laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 102/1978.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal. **Oddur Ólafsson.** **Ármann Snævarr.**

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

Nr. 85. 16. október 1979.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss, að vegna þess, að þing hafi nú verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla um bráðabirgðalög nr. 73 10. september 1979 um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með síðari breytingum er biðu staðfestingar Alþingis og falli því úr gildi við þingrofið beri brýna nauðsyn til að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis sem geti komið til staðfestingar á Alþingi þegar það kemur saman.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 73/1979) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 20% — tuttugu af hundraði — söluskatt og auk þess 2% — tvö af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hafi fyrir 16. september verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir þann dag, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna, er svarar mismun á söluskatti skv. 1. gr. laga nr. 73/1979 og söluskatti skv. 1. gr. laga nr. 111/1976, nema sannað sé, að þessi mismunur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

II.

Af vörum, söluskattskyldum við tollafgreiðslu sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 16. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða þann söluskatt, sem skv. 1. gr. laga nr. 73/1979 gilti frá og með 16. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

III.

Vegna septembermánaðar 1979 skulu framteljendur skila tveimur söluskattsskýrslum, annarri vegna söluskattskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með 15. september en hinni vegna söluskattskyldrar starfsemi frá og með 16. september og til loka mánaðarins. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal. **Oddur Ólafsson.** **Ármann Snævarr.**

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

16. október 1979. Nr 86.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalls á farskipum og verkbannsaðgerða Vinnuveitendasambands Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð oss að vegna þess, að Alþingi hafi verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla þar um bráðabirgðalög nr. 70 19. júní 1979, um stöðvun verkfalls á farskipum og verkbannsaðgerða Vinnuveitendasambands Íslands, sem biðu staðfestingar Alþingis og falli því úr gildi við þingrofið, beri brýna nauðsyn til að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis, sem geti komið til staðfestingar á Alþingi, þegar það kemur saman.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm sem ákveði fyrir 1. ágúst 1979 kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

